

## SAMPYKKTIR

### BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA

#### EFNISYFIRLIT

<b>I. KAFLI: SAMEIGINLEG ÁKVÆÐL.....</b>	<b>3</b>
1. NAFN OG TILGANGUR.....	3
2. SJÓÐFELAGAR.....	3
3. STJÓRN SJÓÐSINS .....	4
4. ÁRSFUNDUR OG AÐRIR SJÓÐFÉLAGAFUNDIR .....	5
5. FJÁRFESTINGARSTEFNA .....	6
6. ÍÐGIÖLD .....	6
<b>II. KAFLI BREYTINGAR Á A – DEILD .....</b>	<b>6</b>
7. LÍFEYRISAUAKASJÓÐUR .....	6
8. JAFNVÆGISSJÓÐUR .....	7
9. VARÚÐARSJÓÐUR.....	8
10. SÉRSTAÐT ÍÐGJALD LAUNAGREIÐENDA.....	8
11. SJÓÐFELAGAR SEM EIGA RÉTT Á JAFNRÍ ÁVINNSLU RÉTTINDA.....	9
12. VIÐMIÐUN VIÐ JAFNA ÁVINNSLU RÉTTINDA .....	9
TAFLA 1A: HÆKKUN ELLILÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST EFTIR 65 ÁRA ALDUR .....	10
TAFLA 1B: LÆKKUN ELLILÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST FYRIR 65 ÁRA ALDUR .....	10
<b>III. KAFLI A – DEILD .....</b>	<b>11</b>
13. ÁUNNINN RÉTTINDI VEGNA ÍÐGJALDA TIL 1. JÚNÍ 2017.....	11
14. ÍÐGIÖLD Í A – DEILD.....	11
TAFLA 2: ÁRLEGUR LÍFEYRIR FYRIR 10.000 KR. ÍÐGJALD.....	11
15. VAL SJÓÐFELAGA A – DEILDAR .....	11
16. ELLILÍFEYRIR Í A – DEILD .....	11
TAFLA 3A: HÆKKUN LÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST EFTIR 67 ÁRA ALDUR .....	12
TAFLA 3B: LÆKKUN LÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST FYRIR 67 ÁRA ALDUR.....	12
TAFLA 3C: ÁRLEGUR LÍFEYRIR FYRIR 10.000 KR. ÍÐGJALD SEM GREITT ER EFTIR AÐ 67 ÁRA ALDRI ER NÁÐ OG HÆKKUN VEGNA FRESTUNAR Á TÖKU ÞESSA LÍFEYRIS.....	12
17. MAKALÍFEYRIR Í A – DEILD .....	13
18. FRAMREIKNINGUR MAKALÍFEYRIS Í A – DEILD.....	13
19. BARNALÍFEYRIR Í A – DEILD .....	13
20. ÖORKULÍFEYRIR Í A – DEILD .....	14
21. FRAMREIKNINGUR ÖORKULÍFEYRIS Í A – DEILD .....	15
22. NIÐURFELLING / BREYTING ÖORKULÍFEYRIS Í A – DEILD .....	16
23. ENDURSKOÐUN RÉTTINDA Í A – DEILD .....	16
<b>IV. KAFLI: V – DEILD .....</b>	<b>17</b>
24. ÍÐGJALD Í V – DEILD .....	17
TAFLA 4: ÁRLEGUR LÍFEYRIR FYRIR 10.000 KR ÍÐGJALD .....	17
25. ELLILÍFEYRIR Í V – DEILD .....	17
TAFLA 5A: HÆKKUN LÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST EFTIR 67 ÁRA ALDUR .....	18
TAFLA 5B: LÆKKUN LÍFEYRIS ÞEGAR TAKA HEFST FYRIR 67 ÁRA ALDUR.....	18
TAFLA 5C: ÁRLEGUR LÍFEYRIR FYRIR 10.000 KR. ÍÐGJALD SEM GREITT ER EFTIR AÐ 67 ÁRA ALDRI ER NÁÐ OG HÆKKUN VEGNA FRESTUNAR Á TÖKU ÞESSA LÍFEYRIS.....	18
26. MAKALÍFEYRIR Í V – DEILD .....	18
27. FRAMREIKNINGUR MAKALÍFEYRIS Í V – DEILD.....	19
28. BARNALÍFEYRIR Í V – DEILD .....	19
29. ÖORKULÍFEYRIR Í V – DEILD .....	19
30. FRAMREIKNINGUR ÖORKULÍFEYRIS Í V – DEILD.....	20
31. NIÐURFELLING / BREYTING Á ÖORKULÍFEYRI Í V – DEILD .....	21

32. ENDURSKODUN RÉTTINDA Í V – DEILD .....	21
<b>V. KAFLI: B – DEILD.....</b>	<b>22</b>
33. UM RÉTTINDI SJÓÐFÉLAGA SEM FLYTJAST Í B-DEILD .....	22
34. ÁBYRGÐ SVEITARFÉLAGA Á SKULDBINDINGUM B-DEILDAR .....	22
35. UM STÖÐU RÉTTINDASAFNA B-DEILDAR .....	23
36. UM BREYTINGAR Á ÁKVÆÐUM VIÐAUKA VEGNA B-DEILDAR.....	23
37. UM UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA B-DEILDAR.....	24
<b>VI. KAFLI: ALMENN ÁKVÆÐI.....</b>	<b>24</b>
38. GREIÐSLA LÍFEYRIS .....	24
39. TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN .....	24
40. FRAMSAL OG VEÐSETNING LÍFEYRISRÉTTINDA ÓHEIMIL .....	24
41. SKIPTING LÍFEYRISRÉTTINDA MILLI SJÓÐFÉLAGA OG MAKANNA.....	24
42. SKILYRDÍ UM ÍÐGJALDAGREIÐSLUTÍMA .....	24
43. GEYMD RÉTTINDI .....	24
44. HEIMILDIR STJÓRNAR .....	24
45. ENDURGREIÐSLA ÍÐGJALDA TIL ERLENDRA RÍKISBORGARA .....	25
46. ÍÐGJALDAYFIRLIT SKV. 3. MGR. 18. GR. LAGA NR. 129/1997 .....	25
47. ÁGREININGSMÁL .....	25
48. BREYTINGAR SAMÞYKKTA PESSA .....	26
49. GILDISTÖKUÁKVÆÐI.....	26
<b>VIÐAUKI 1: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA HAFNAREFJARÐARKAUPSTAÐAR.....</b>	<b>27</b>
<b>VIÐAUKI 2: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS AKRANESKAUPSTAÐAR.....</b>	<b>34</b>
<b>VIÐAUKI 3: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS NESKAUPSTAÐAR .....</b>	<b>43</b>
<b>VIÐAUKI 4: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA HÚSAVÍKURKAUPSTAÐAR.....</b>	<b>50</b>
<b>VIÐAUKI 5: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA VESTMANNAEYJABÆJAR.....</b>	<b>56</b>
<b>VIÐAUKI 6: RÉTTINDAÁKVÆÐI ÚR SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS REYKJANESBÆJAR .....</b>	<b>63</b>
<b>VIÐAUKI 7: REIKNIREGLUR VEGNA B-DEILDAR.....</b>	<b>76</b>

## I. Kafli: Sameiginleg ákvæði

### 1. Nafn og tilgangur

- 1.1. Sjóðurinn heitir Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara samþykkta.
- 1.2. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.
- 1.3. Lífeyrissjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum og eftir atvikum sambúðaraðila lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir.
- 1.4. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykkta þessara.
- 1.5. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.
- 1.6. Sjóðurinn starfar í þremur fjárhagslega aðskildum deildum, A – deild, B – deild og V – deild.

### 2. Sjóðfélagar

- 2.1. Sjóðfélagar í A- deild eru þeir starfsmenn sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og samlaga þeirra sem eru á aldrinum 16-70 ára og eru ráðnir samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélaga BSRB, aðildarfélaga Bandalags háskólamaðra eða Kennarasambands Íslands annars vegar og sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja eða samlaga þeirra hins vegar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur stofnana, fyrirtækja og samlaga þeirra eiga rétt til aðildar að A-deild. Sjóðsstjórn er heimilt að veita starfsmanni aðild að A-deild sem ekki á rétt til aðildar samkvæmt framangreindu.
- 2.2. Þær starfsstéttir sem áttu skylduaðild að lífeyrissjóðum sveitarfélaga þann 30. júní 1998 og ekki falla undir skilgreiningu greinar 2.1 geta með sama hætti átt skylduaðild að sjóðnum.
- 2.3. Sjóðfélagar í B-deild eru þeir sem áttu aðild eða rétt til aðildar að Eftirlaunasjóði starfsmenna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akranesskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmenna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmenna Vestmannaeyjabæjar þann 30. júní 2013 og Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar þann 31. desember 2016, er þessir sjóðir sameinuðust Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.
- 2.4. Sjóðfélagar að V – deild geta þeir orðið sem þess óska, enda eigi viðkomandi ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði.
- 2.5. Starfsmenn sem aðild eiga að A - deild sjóðsins skv. grein 2.2, geta átt val um aðild að V-deild skv. grein 15.1.
- 2.6. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

### **3. Stjórn sjóðsins**

- 3.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex einstaklingum. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar two og Bandalag háskólamaðra skipar einn. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga einstaklinga til vara. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.
- 3.2. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis, tvö ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar ákváðanir sínar. Til þess að ákvörðun sé löglega samþykkt, þarf meirihlut stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 3.3. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákváðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á innra eftirlit sjóðsins, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innri endurskoðun. Stjórn sjóðsins velur endurskoðanda sjóðsins og skipar í endurskoðunarnefnd sjóðsins samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006.
- 3.4. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 3.5. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkad mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færejum. Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum sjóðsins er ekki heimilt að sitja í stjórn hans. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 3.6. Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarmennsku í lífeyrissjóðnum.
- 3.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða starfsmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákváðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Same gildir um aðila sem eru fjárhagslega tengdir stjórnarmönnum eða starfsmönnum í skilningi reglna FME nr. 1050/2012. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.

- 3.8. Stjórn sjóðsins, starfsmenn og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það sem leynt á að fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða horfið úr stjórn.
- 3.9. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn til sjóðsins. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða heimildar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum og stjórn í heild sinni tilkynnt um ráðstöfunina. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.
- 3.10. Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.
- 3.11. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reiknings-skilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 3.12. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og ber að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og verklagsreglum um fjárfestingar og verðbréfaviðskipti sem stjórn sjóðsins hefur sett. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 3.13. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

#### **4. Ársfundur og aðrir sjóðfélagafundir**

- 4.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með tryggilegum hætti með a.m.k. 14 daga fyrirvara.
- 4.2. Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:
  - 4.2.1. Skýrsla stjórnar lögð fram.
  - 4.2.2. Ársreikningar kynntir.
  - 4.2.3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt kynnt.
  - 4.2.4. Fjárfestingarstefna kynnt og grein gerð á breytingum frá fyrra ári.
  - 4.2.5. Breytingar á samþykktum sjóðsins kynntar.
  - 4.2.6. Önnur mál.
- 4.3. Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar sveitarfélaga og stofnaðila sjóðsins, þ.e. BSRB, BHM, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga, eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Hver fundarmaður fer með eitt atkvæði. Stjórn sjóðsins er skyldt að taka til umfjöllunar þær tillögur sem hljóta meirihluta atkvæða. Um breytingar á samþykktum sjóðsins fer skv. greinum 48.1 og 48.2.
- 4.4. Aðra sjóðfélagafundi skal halda þegar stjórn telur ástæðu til. Slíka sjóðfélagafundi skal boða á sama hátt og ársfund.

- 4.5. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu gerðir í samræmi við lög og reikningsskilareglur. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 5. Fjárfestingarstefna

- 5.1. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skyt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.
- 5.2. Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.
- 5.3. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaformum. Þar skulu enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímалengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.
- 5.4. Á ársfundi skal stjórnin leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári.

## 6. Iðgjöld

- 6.1. Iðgjald til sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds vegna þess starfs sem kjara- eða ráðningarsamningur sem veitir aðild að sjóðnum tekur til. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- 6.2. Þá skal telja til iðgaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Iðgaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.
- 6.3. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnaði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.

## II. kafli Breytingar á A – deild

### 7. Lífeyrisaukasjóður

- 7.1. Lífeyrisaukasjóður er það framlag sem launagreiðendur greiða til A – deildar á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII við lög nr. 129/1997.
- 7.2. Lífeyrisaukasjóðnum er ætlað að standa undir jafnri ávinnslu réttinda, sbr. grein 12, sbr. og grein 11.

- 7.3. Framlag launagreiðenda í lífeyrisaukasjóð af reiknaðri framtíðarskuldbindingu jafnrar ávinnslu réttinda skal vera greitt í einu lagi með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum með 3,5% vöxtum að hámarki til 30 ára. Greiðsla lífeyrisaukasjóðs með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum skal háð samþykki stjórnar sjóðsins.
- 7.4. Launagreiðendur aðrir en sveitarfélög, stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, geta óskað eftir því að greiða framlag í lífeyrisaukasjóð með sérstöku iðgjaldi í samræmi við grein 10. Greiðsla lífeyrisaukasjóðs með sérstöku iðgjaldi skal háð samþykki stjórnar sjóðsins.
- 7.5. Lífeyrisaukasjóður skal vera hluti af hreinni eign A – deildar en gera skal sérstaka grein fyrir stöðu hans í skýringum í ársreikningi sjóðsins. Lífeyrisaukasjóður skal ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir A – deildar og skulu fjárfestingatekjur færðar árlega til hækunar eða lækkunar á lífeyrisaukasjóðnum.
- 7.6. Lífeyrisaukasjóður skal bæta þann mismun, lífeyrisauka, sem myndast annars vegar á uppsafnaðri ávinnslu réttinda sjóðfélaga samkvæmt III. kafli A – deild og hins vegar á uppsafnaðri ávinnslu réttinda sjóðfélaga samkvæmt grein 12.
- 7.7. Færslur úr lífeyrisaukasjóði skal reikna mánaðarlega og færa í sjóð A – deildar, sbr. nánar grein 7.8. Þó er sjóðnum heimilt að færa úr lífeyrisaukasjóði vegna ársins 2017 í lok þess árs. Grein þessi tekur einnig til færslna úr lífeyrisaukasjóði vegna lífeyris sem greiddur er mánaðarlega vegna framreknaðra lífeyrisaukaréttinda skv. grein 12.8.
- 7.8. Til grundvallar færslum úr lífeyrisaukasjóði í sjóð A – deildar skal liggja sérstök aldursháð kostnaðartafla reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins í tengslum við tryggingafræðilega athugun á sjóðnum. Taflan skal taka mið af þeim sjóðfélögum sem eiga rétt á viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda, sbr. grein 12. Þessi tafla skal sýna hve mikil þarf að færa inn í A – deild til að standa undir ávinnslu lífeyrisréttinda skv. grein 12.7 og vera núllstillt miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. Heildariðgjald að viðbættri jákvæðri færslu úr lífeyrisaukasjóði skal vera jafnverðmætt og ávinnsla lífeyrisréttinda skv. grein 12.7. Kostnaðartafla þessi skal liggja fyrir í mars ár hvert og gilda fyrir næstu 12 mánuði. Töfluna skal birta á heimasíðu sjóðsins.
- 7.9. Sjóðurinn skal halda sérstaklega utan um færslur vegna lífeyrisauka fyrir hvern sjóðfélaga, bæði færslur skv. grein 7.8 og grein 12.7.
- 7.10. Þess skal sérstaklega gætt að færslur úr lífeyrisaukasjóði trufli ekki að jafnræði ríki meðal allra sjóðfélaga. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega skila greinargerð til stjórnar sjóðsins.
- 7.11. Eigi síðar en fyrir árslok 2021 skal stjórn sjóðsins láta framkvæma sérstaka athugun á forsendum og framkvæmd uppgjörs lífeyrisauka samkvæmt grein þessari.

## **8. Jafnvægissjóður**

- 8.1. Auk framlags launagreiðenda í lífeyrisaukasjóð, sbr. grein 7, skulu launagreiðendur greiða framlag í jafnvægissjóð. Jafnvægissjóður skal nýttur til að koma áfallinni tryggingafræðilegri stöðu A – deildar sjóðsins í jafnvægi miðað við 31.05.2017, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII við lög nr. 129/1997.
- 8.2. Framlag launagreiðenda í jafnvægissjóð vegna halla áfallinna lífeyrisskuldbindinga skal vera greitt í einu lagi annað hvort með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum með 3,5% vöxtum að hámarki til 30 ára. Greiðsla jafnvægissjóðs með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum skal háð samþykki stjórnar sjóðsins.
- 8.3. Jafnvægissjóður skal ekki teljast sem hluti lífeyrisaukasjóðs.

8.4. Jafnvægissjóður skal vera hluti af hreinni eign A – deildar.

## 9. Varúðarsjóður

- 9.1. Varúðarsjóður er það framlag sem launagreiðendur A – deildar leggja til á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII við lög nr. 129/1997.
- 9.2. Varúðarsjóðnum er ætlað að standa til vara að baki lífeyrisaukasjóðnum, sbr. grein 7, ef eignir lífeyrisaukasjóðsins duga ekki til að hann geti staðið við hlutverk sitt.
- 9.3. Framlag launagreiðenda í varúðarsjóð skal vera greitt í einu lagi með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum með 3,5% vöxtum að hámarki til 20 ára. Greiðsla varúðarsjóðs með peningum eða verðtryggðum skuldabréfum skal háð samþykki stjórnar sjóðsins.
- 9.4. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A deild fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávoxtun varúðarsjóðs skal lögð við höfuðstól hans.
- 9.5. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands skipa þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirferð tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði séu uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlega oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.
- 9.6. Matshópur skal leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðsins á eftirfarandi hátt:
  - 9.6.1. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellit í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðsins, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.
  - 9.6.2. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðsins að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða launagreiðendum nema stjórn sjóðsins ásamt stofnaðilum hans, Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB, BHM og KÍ telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðsins eða A – deildar.
  - 9.6.3. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóðinn að komist verði hjá skerðingu á greiðlum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárbörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

## 10. Sérstakt iðgjald launagreiðenda

- 10.1. Launagreiðendur, aðrir en þeir sem greiða framlag í lífeyrisaukasjóð í samræmi við grein 7.3, skulu greiða sérstakt iðgjald sem standa skal undir jafnri ávinnslu réttinda, sbr. grein 12, sbr. og grein 11.

- 10.2. Iðgjald launagreiðenda samkvæmt grein 10.1 skal bæta þann mismun, lífeyrisauka, sem myndast annars vegar á ávinnslu réttinda sjóðfélaga samkvæmt grein III. kafli A – deild og hins vegar á ávinnslu réttinda sjóðfélaga samkvæmt grein 12, og skal iðgjaldið reiknað út frá öllum sjóðfélögum sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda.
- 10.3. Iðgjald launagreiðenda samkvæmt grein 10.1 skal greiða samhliða iðgjöldum í A – deild skv. grein 14. Stofn til iðgjalds launagreiðanda samkvæmt grein 10.1 skal vera hinn sami og kveðið er á um í grein 6.
- 10.4. Iðgjald launagreiðenda samkvæmt grein 10.1 skal endurskoða árlega í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar, sbr. grein 39, sbr. og grein 23. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um breytingu iðgjaldsins eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

## **11. Sjóðfélagar sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda**

- 11.1. Sjóðfélagar sem hafa greitt í A – deild einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 og starfa hjá launagreiðendum sem greiða framlag í lífeyrisaukasjóð í samræmi við grein 7.3 eða grein 7.4, eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda, sbr. grein 12.
- 11.2. Sjóðfélagar sem hafa greitt í A – deild einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en þeim sem tilgreindir eru í grein 11.1, eiga því aðeins rétt á jafnri ávinnslu réttinda, sbr. grein 12, að launagreiðandi samþykki greiðslu framlags í lífeyrisaukasjóð í samræmi við grein 7.3 eða 7.4.
- 11.3. Sjóðfélagar sem greiddu ekki í A – deild einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi þeirra og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína í A deild hafi verið slitið, skulu falla undir grein 11.1 eða 11.2.
- 11.4. Sjóðfélagar sem greiddu ekki í A – deild einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017, skulu falla undir grein 11.1 eða 11.2, hefji þeir á ný greiðslur í A deild eigi síðar en 31. maí 2018.
- 11.5. Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga í A – deild niður, af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í grein 11.3, til lengri tíma en 12 mánaða, fellur réttur sjóðfélaga til frekari jafnrar ávinnslu réttinda, sbr. grein 12, niður.
- 11.6. Sjóðfélagar sem eiga rétt til jafnrar ávinnslu réttinda í A – deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skipta um starf og verða sjóðfélagar í A – deild, skulu falla undir grein 11, að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en 12 mánuðir á milli starfa og að samkomulag sé til staðar milli sjóðsins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.
- 11.7. Sjóðfélagar sem skipta um starf og fara milli mismunandi launagreiðanda skulu falla undir grein 11 að því tilskyldu að um launagreiðanda sé að ræða sem tryggir starfsmenn sína í A deild og samþykkt hefur framlag í lífeyrisaukasjóð í samræmi við grein 7.3 eða 7.4.
- 11.8. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabil það sem getið er um í greinum 11.4, 11.5 og 11.6 um 12 mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

## **12. Viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda**

- 12.1. Viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda sem fjallað er um í grein 12 eru ævilangur ellilífeyrisréttur frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef svo á við til 65 ára aldurs og 50% af réttindum sjóðfélaga í tímabundinn makalífeyri. Greinar 17, 18, 20, 21 og 22 eiga við um örorku- og makalífeyri.

12.2. Jöfn ávinnsla réttinda veitir lífeyrisréttindi sem eru 1,9% af þeim launum sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisrétturinn er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í þeim launamánuði sem iðgjaldið er greitt af.

12.3. Fresti sjóðfélagi töku ellilífeyris, hækkar viðmiðun lífeyris sjóðfélaga sem miðaðist við 65 ára aldur, fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs, samkvæmt *Tafla 1a: Hækkun ellilífeyris þegar taka hefst eftir 65 ára aldur*.

**Tafla 1a: Hækkun ellilífeyris þegar taka hefst eftir 65 ára aldur**

Taka lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð
65-66 ára	0,60%
66-67	0,65%
67-68	0,71%
68-69	0,78%
69-70	0,86%

12.4. Flýti sjóðfélagi töku ellilífeyris, lækkar áunninn lífeyrir hans samkvæmt *Tafla 1b: Lækkun ellilífeyris þegar taka hefst fyrir 65 ára aldur*, fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt.

**Tafla 1b: Lækkun ellilífeyris þegar taka hefst fyrir 65 ára aldur**

Taka lífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð
65-64 ára	0,65%
64-63	0,60%
63-62	0,55%
62-61	0,50%
61-60	0,45%

12.5. Hafi sjóðfélagi hafið töku ellilífeyris og greiðir áfram til A-deilda sjóðsins skulu viðmiðunar lífeyrisréttindi vera 0,95% af þeim launum sem iðgjald er greitt af og reiknast án þeirrar hækkunar sem fjallað er um í grein 12.3.

12.6. Viðmiðun jafnrar ávinnslu réttinda skv. grein 12 tekur til ávinnslu réttinda hverju sinni. Áunnin viðmiðunarréttindi sjóðfélaga sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda skv. grein 11, skulu taka breytingum skv. grein 23.

12.7. Mánaðarlega og við úrskurð lífeyris skulu áunnin réttindi frá 1. júní 2017 sem reiknuð eru með viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda, að teknu tilliti til breytinga skv. grein 23, borin saman við áunnin réttindi frá 1. júní 2017 skv. III. kafli A – deild. Reynast áunnin réttindi sem reiknuð eru með viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda, sbr. að framan, hærri en áunnin réttindi skv. III. kafli A – deild, sbr. að framan, skulu sjóðfélaga reiknuð réttindi svo að jöfnuði verði náð. Þau réttindi skulu teljast til áunninna réttinda sjóðfélaga og lúta eftir því sem við getur átt ákvæðum skv. III. kafli A – deild.

12.8. Stofnist réttur til framreiknings við úrskurð lífeyris skal hinn framreiknaði réttur reiknaður bæði eftir ákvæðum III. kafli A – deild og ákvæðum greinar 12 um viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda. Reynast áunnin réttindi auk framreiknaðra réttinda með viðmiðun við jafna ávinnslu réttinda hærri en áunnin réttindi auk framreiknaðra réttinda skv. ákvæðum III. kafli A – deild, skal sjóðfélaga reiknaður lífeyrir svo að jöfnuði verði náð.

III. kafli A – deild

### **13. Áunninn réttindi vegna iðgjalda til 1. júní 2017**

- 13.1. Áunninn réttindi sjóðfélaga í A – deild vegna iðgjalda til 1. júní 2017 skulu varðveitt samkvæmt þeim réttindareglum sem þá giltu. Réttindin geta tekið breytingum í samræmi við grein 23.

#### **14. Íðgjöld í A – deild.**

- 14.1. Sjóðfélagar greið 4% af launum skv. grein 6 í iðgjald til sjóðsins. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar með öðru en iðgjöldum sínum.
  - 14.2. Iðgjald launagreiðenda skal vera að lágmarki 11,5% af iðgjaldsstofni.
  - 14.3. Iðgjald veitir lífeyrisréttindi samkvæmt *Tafla 2: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald*. Taflan sýnir árlegan lífeyri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er. Lífeyrisrétturinn er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í þeim mánuði sem iðgjald berst.

### Tafla 2: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald.

## 15. Val sjóðfélaga A – deildar

- 15.1. Eigi sjóðfélagi aðild að A – deild skal honum heimilt að flytja í V – deild með formlegri tilkynningu til sjóðsins. Slíkt val er óafturkallanlegt. Sjóðfélagi sem fær aðild að A – deild samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi skal fá þá aðild staðfesta af lífeyrissjóðnum og jafnframt skal sjóðurinn kynna fyrir sjóðfélaga möguleika hans á aðild að V – deild og hvaða kostir eru þar í boði.

## 16. Ellilífeyrir í A – deild

- 16.1. Hver sjóðfélagi A– deildar, sem er orðinn 67 ára, á rétt á ellilífeyrir. Árlegur ellilífeyrir frá 67 ára aldri er uppsafnaður lífeyrisréttur reiknaður samkvæmt *Tafla 2: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald*. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Ellilífeyririnn greiðist í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir að sjóðfélaginn verður 67 ára.

- 16.2. Sjóðfélaga er heimilt að fresta allt til 70 ára aldurs að taka ellilífeysi úr A-deild og hækkar lífeyririnn, sem miðaðist við 67 ára aldur, samkvæmt *Tafla 3a: Hækkun lífeyris þegar taka hefst eftir 67 ára aldur*, fyrir hvern mánuð sem töku lífeysis er frestað fram yfir 67 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

**Tafla 3a: Hækkun lífeyris þegar taka hefst eftir 67 ára aldur**

Taka lífeysis hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð
67-68 ára	0,6%
68-69	0,66%
69-70	0,73%

- 16.3. Á sama hátt er sjóðfélaga heimilt að hefja töku ellilífeysis áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri og skal þá áunninn lífeyrir hans lækkaður samkvæmt *Tafla 3b: Lækkun lífeyris þegar taka hefst fyrir 67 ára aldur*, fyrir hvern mánuð sem töku lífeysis er flýtt.

**Tafla 3b: Lækkun lífeyris þegar taka hefst fyrir 67 ára aldur**

Taka lífeysis hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð
67-66 ára	0,6%
66-65	0,55%
65-64	0,5%
64-63	0,45%
63-62	0,41%
62-61	0,37%
61-60	0,35%

- 16.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeysis skulu viðbótarréttindi hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeysis hefst, reiknast án þeirrar hækkunar sem fjallað er um í grein 16.2. Þrátt fyrir ákvæði greinar 16.1 skulu réttindi sem aflað er eftir að taka lífeysis hefst, vera samkvæmt *Tafla 3c: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald sem greitt er eftir að 67 ára aldri er náð og hækkun vegna frestunar á töku þessa lífeysis*.

**Tafla 3c: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald sem greitt er eftir að 67 ára aldri er náð og hækkun vegna frestunar á töku þessa lífeysis**

Aldur	Lífeysis-Réttindi	Taka lífeysis hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð		
			68-69	69-70	
67	745	68	0,62%	0,69%	
68	771	69		0,64%	
69	798	70			

- 16.5. Hefji sjóðfélagi töku ellilífeysis fyrir 67 ára aldur er sú ákvörðun endanleg. Réttur til örorkulífeysis fellur því niður frá þeim tíma er greiðsla ellilífeysis hefst.

## **17. Makalífeyrir í A – deild**

- 17.1. Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, á rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 17.2. Fjárhæð óskerts makalífeyris er helmingur af áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga skv. grein 16.1. Óskertur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 17.3. Hafi makinn barn yngra en 22 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagsans.
- 17.4. Jafnframt skal greiða makalífeyrir ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. greinum 17.2 og 18.1 skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 17.5. Makalífeyrisþegi telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## **18. Framrekningur makalífeyris í A – deild**

- 18.1. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framrekningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði greinar 17.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við grein 43.1. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins a.m.k. sex mánuði af síðustu tólf skal auk áunninna réttinda telja helming þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði greinar 21.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna réttindi frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar grein 22.3, en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við réttindi þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyrir.

## **19. Barnalífeyrir í A – deild**

- 19.1. Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði af undanfarandi 36 mánuðum eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris við andlátið í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- 19.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vístölu neysluverðs frá 173,5 stigum. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg áunnin réttindi, áætluð í samræmi við greinar 17.2 og 18.1, samsvara a.m.k. 932 krónur miðað við 173,5 stig vístölu neysluverðs í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein **Error! Reference source not found.**. Séu áætluð árleg réttindi lægri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árleg áunnin réttindi reiknast minni en 466 krónur í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein **Error! Reference source not found.** miðað við 173,5 stig vístölu neysluverðs.
- 19.3. Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði greina 21.1.1 og 21.1.2, úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. grein 19.2 með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vístölu neysluverðs frá 173,5 stigum. Sé örorka skv. kafla 20 metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 19.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyrir. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 19.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

## 20. Örorkulífeyrir í A – deild

- 20.1. Sjóðfélagi sem er yngri en 67 ára og verður fyrir orkutapi sem er 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 1.865 krónur miðað við 173,5 stig vístölu neysluverðs í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein 16.1 eða hefur greitt til sjóðsins iðgjald í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyrir úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi fram að orkutapi.
- 20.2. Örorkulífeyrir er sama hlutfall af hámarksörorkulífeyrir og orkutapið er metið, sbr. þó grein 20.1.
- 20.3. Örorkulífeyrir er ekki greiddur ef orkutap varir skemur en sex mánuði.
- 20.4. Sjóðfélaga er skylt, sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta sjóðnum í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 20.5. Réttur til örorkulífeyrir stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir úr sjóðnum vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist upplýsinga frá vinnuveitanda, Ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasjóðum. Við mat á tekjuskerðingu er tekið tillit til greiðslna frá öðrum lífeyrissjóðum, atvinnutekna, bóta almannatrygginga og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélagi nýtur vegna orkutaps. Við mat á tekjuskerðingu skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú ár fyrir orkutap verðbætt til úrskurðardags. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar á vístölu launa.
- 20.6. Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hvaða tekjur sjóðfélaga teljast til viðmiðunartekna.

- 20.7. Hlutfall orkutaps og tímasetning þess er ákvarðað að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda. Trúnaðarlæknir metur hlutfall orkutaps og tímasetningu þess.
- 20.8. Fyrstu fimm árin eftir orkutap skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hlutfall orkutaps ákvarðað að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélags til að gegna almennum störfum. Sjóðurinn getur óskað eftir því að endurmat fari fram oftar telji hann þess þörf.
- 20.9. Sjóðnum er heimilt að setja sem skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

## **21. Framrekningur örorkulífeyris í A – deild**

- 21.1. Séu neðangreind skilyrði uppfyllt skal lífeyrir framreknaður til 65 ára aldurs samkvæmt ákvæðum greinar 21.4.
  - 21.1.1. að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 466 krónur miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein 16.1 hvert þessara þriggja ára,
  - 21.1.2. að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum fyrir orkutap, og
  - 21.1.3. að sjóðfélagi hafi ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- 21.2. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal framrekningur jafnframt taka mið af skilyrðum samkomulags um samskipti lífeyrissjóða og viðauka þess samkomulags.
- 21.3. Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í grein 21.1.1 er sjóðnum heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvist að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 21.4. Framrekningur er viðbót við örorkulífeyri sem nemur þeim réttindum sem árlegt meðaltal iðgjalda næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið gæfi sjóðfélaga, væri það greitt þau ár sem vantar á 65 ára aldur sjóðfélaga, reiknaður í samræmi við metið hlutfall orkutaps. Telji sjóðurinn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsfalla eða atvinnuleysis er sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda fleiri ár aftur í tímamann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- 21.5. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjalda-greiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira er lífeyrissjóðnum heimilt að reikna meðaltal réttinda hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins og miða framrekning við þetta meðaltal.
- 21.6. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða myndað minni mánaðarlegan lífeyrisrétt en 466 krónur samkvæmt grein 16.1 miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framrekningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem öflun réttinda hefur verið undir 466 krónum í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein 16.1 miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps.

- 21.7. Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framrekning við skv. grein 21.4 eða 21.5 meira en 5.595 krónum í mánaðarlegan lífeyrisrétt samkvæmt grein 16.1 miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs er lífeyrissjóðnum heimilt að reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, að reikna með framangreindu meðaltali á ári að viðbættum helmingi þeirra réttinda sem umfram eru.
- 21.8. Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreknuð réttindi aldrei reiknast hærri en þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

## **22. Niðurfelling / breyting örorkulífeyris í A – deild**

- 22.1. Ef metið hlutfall orkutaps sjóðfélaga breytist við endurmat þá breytist örorkulífeyrir samsvarandi og fellur niður ef orkutapið fer niður fyrir 40%.
- 22.2. Sjóðnum er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri ef tekjur aukast þannig að skilyrðum greinar 20.5 er ekki lengur fullnægt.
- 22.3. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur, og hefst þá taka ellilífeyris. Fjárhæð ellilífeyris er þá reiknuð út frá áunnum réttindum sjóðfélaga við orkutap. Hafi sjóðfélagi notið framreknings skv. kafla 21, skal fjárhæð ellilífeyris einnig reiknuð út frá framrekningi. Við töku ellilífeyris skv. grein þessari skal ekki miðað við hlutfall orkutaps sjóðfélaga.

## **23. Endurskoðun réttinda í A – deild**

- 23.1. Deildin skal eiga fyrir skuldbindingum sínum skv. tryggingafræðilegri athugun, sbr. grein 39.1. Ef eignir duga ekki fyrir áföllnum skuldbindingum skal sjóðurinn gera viðeigandi ráðstafanir svo sem að skerða áunnin réttindi og/eða skerða þau réttindi sem iðgjald til sjóðsins veitir.
- 23.2. Við tryggingafræðilega athugun A – deildar skal annars vegar reikna stöðu deildarinnar í heild og hins vegar reikna sérstaklega framtíðarskuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda, sbr. grein 11, sbr. og grein 12 og stöðu lífeyrisaukasjóðsins, sbr. grein 7.
- 23.3. Við tryggingafræðilega athugun A – deildar skal reikna skuldbindingar vegna sjóðfélaga sem náð höfðu 60 ára aldri fyrir 1. júní 2017 og/eða höfðu hafið töku ellilífeyris fyrir 1. júní 2017 sem og þeirra sjóðfélaga sem höfðu hafið töku örorku-, maka- og/eða barnalífeyris fyrir 1. júní 2017.
- 23.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sem kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 er stjórn sjóðsins skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimil hækkan eða lækkun lífeyrisréttinda sé munur eignarliða og lífeyrisskuldbindinga innan 10% marka að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt samkvæmt lögum nr. 129/1997 að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins, þ.e. munur milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri athugun, skal þó ætlið vera jákvæð eftir hækkan lífeyrisréttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.
- 23.5. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að hækka eða lækka þurfi lífeyrisréttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sjóðfélaga sem eiga réttindi í A deild sjóðsins og náð höfðu 60 ára aldri fyrir 1. júní 2017 og/eða höfðu hafið töku ellilífeyris fyrir 1. júní 2017.

- 23.6. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að hækka eða lækka þurfi lífeyrisréttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sjóðfélaga sem eiga réttindi í A deild sjóðsins og höfðu hafið töku örorku-, maka- og/eða barnalífeyris fyrir 1. júní 2017.
- 23.7. Fjárhagsleg áhrif greina 23.5 og 23.6 á sjóðinn skal gera upp með samningi við launagreiðendur viðkomandi sjóðfélaga. Ekki skal nýta varúðarsjóð, sbr. grein 9, í þessu skyni, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII við lög nr. 129/1997.

#### IV. Kafli: V – deild

##### 24. Iðgjald í V – deild

- 24.1. Iðgjald til sjóðsins skal hverju sinni ekki vera lægra en lög, kjarasamningar eða ráðningarsamningar gera ráð fyrir. Iðgjald til öflunar lágmarkstryggingarverndar skal vera 12%. Ef sjóðfélagi lætur ekki vita um ráðstöfun iðgjalds umfram iðgjald til lágmarks-tryggingarverndar skal það allt renna til öflunar réttinda samkvæmt greinum 25 -29. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa iðgjaldi umfram lágmarksíðgjald í viðbótartryggingavernd (séreignasparnað) skv. lögum nr. 129/1997.
- 24.2. Iðgjald veitir lífeyrisréttindi samkvæmt *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald*. Taflan sýnir árlegan lífeyri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Lífeyrisrétturinn er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í þeim mánuði sem iðgjaldið berst.

**Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald**

| Lífeyris<br>Aldur réttindi |
|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| 16 3168                    | 26 2147                    | 36 1598                    | 46 1230                    | 56 944                     |                            |
| 17 3031                    | 27 2077                    | 37 1557                    | 47 1198                    | 57 921                     |                            |
| 18 2903                    | 28 2012                    | 38 1516                    | 48 1166                    | 58 900                     |                            |
| 19 2784                    | 29 1950                    | 39 1477                    | 49 1135                    | 59 880                     |                            |
| 20 2673                    | 30 1891                    | 40 1440                    | 50 1105                    | 60 860                     |                            |
| 21 2571                    | 31 1836                    | 41 1403                    | 51 1075                    | 61 842                     |                            |
| 22 2475                    | 32 1784                    | 42 1367                    | 52 1047                    | 62 824                     |                            |
| 23 2385                    | 33 1734                    | 43 1332                    | 53 1019                    | 63 806                     |                            |
| 24 2300                    | 34 1687                    | 44 1297                    | 54 993                     | 64 788                     |                            |
| 25 2221                    | 35 1642                    | 45 1263                    | 55 968                     | 65 765                     |                            |
|                            |                            |                            |                            | 66 734                     |                            |

##### 25. Ellilífeyrir í V – deild

- 25.1. Hver sjóðfélagi, sem er orðinn 67 ára, á rétt á ellilífeyri. Árlegur ellilífeyrir frá 67 ára aldri er uppsafnaður lífeyrisréttur reiknaður samkvæmt *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald*. Ellilífeyririnn greiðist í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir að sjóðfélaginn verður 67 ára.

- 25.2. Sjóðfélaga er heimilt að fresta allt til 70 ára aldurs að taka ellilífeyri og hækkar lífeyririnn, sem miðaðist við 67 ára aldur samkvæmt *Tafla 5a: Hækkun lífeyris þegar taka hefst eftir 67 ára aldur.*

**Tafla 5a: Hækkun lífeyris þegar taka hefst eftir 67 ára aldur**

Taka lífeyris hefst	67-68 ára	0,6% hækkun fyrir hvern mánuð
	68-69	0,66%
	69-70	0,73%

- 25.3. Á sama hátt er sjóðfélaga heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri og skal þá áunninn lífeyrir hans lækkaður samkvæmt *Tafla 5b: Lækkun lífeyris þegar taka hefst fyrir 67 ára aldur.*

**Tafla 5b: Lækkun lífeyris þegar taka hefst fyrir 67 ára aldur**

Taka lífeyris hefst	66-67 ára	0,6% lækkun fyrir hvern mánuð
	65-66	0,55%
	64-65	0,5%
	63-64	0,45%
	62-63	0,41%
	61-62	0,37%
	60-61	0,35%

- 25.4. Sjóðfélaga er heimilt að greiða iðgjald eftir að 67 ára aldri er náð og reiknast lífeyrir og hækkan vegna frestunar á töku þessa lífeyris samkvæmt *Tafla 5c: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald sem greitt er eftir að 67 ára aldri er náð og hækkan vegna frestunar á töku þessa lífeyris.* Viðbótarréttindi hans skulu reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri.

**Tafla 5c: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr. iðgjald sem greitt er eftir að 67 ára aldri er náð og hækkan vegna frestunar á töku þessa lífeyris**

Aldur	Lífeyris-Réttindi	Taka lífeyris hefst	Frestun á mánuði		
			68-69	69-70	
67	758	68	0,62%	0,69%	
68	785	69		0,64%	
69	813	70			

- 25.5. Hefji sjóðfélagi töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur er sú ákvörðun endanleg. Réttur til örorkulífeyris fellur því niður frá þeim tíma er greiðsla ellilífeyris hefst.

## 26. Makalífeyrir í V – deild

- 26.1. Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem hafði áunnið sér alls a.m.k. 1.865 krónur í mánaðarlegan lífeyrisrétt miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs eða greitt hafði iðgjald til lífeyrissjóðsins a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum á rétt á árlegum makalífeyri sem nemur helmingi uppsafnaðra lífeyrisréttinda samkvæmt *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald, í tvö ár.*

- 26.2. Hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, skal fullur makalífeyrir greiddur fram til 18 ára aldurs yngsta barnsins. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélags.
- 26.3. Makalífeyrisþegi telst sá eða sú sem við andlátio var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfelagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélags. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## 27. Framreikningur makalífeyris í V – deild

- 27.1. Ef sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku lífeyris hefur greitt til sjóðsins á síðustu þremur árunum fyrir andlát skal reikna viðbót við áunninn lífeyrisrétt sem nemur þeim réttindum sem árlegt meðaltal iðgjalda þessara þriggja ára gæfi samkvæmt *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald*, væri það greitt þau ár er vantar á 65 ára aldur.

## 28. Barnalífeyrir í V – deild

- 28.1. Þegar sjóðfélagi deyr, sem hefur áunnið sér alls a.m.k. 1.865 krónur í mánaðarlegan lífeyrisrétt miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs og að auki greitt til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, eiga börn hans, kjörbörn og ættleidd börn yngri en 18 ára rétt á lífeyrir til 18 ára aldurs, svo fremi að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessarar deildar lífeyrissjóðsins. Barnalífeyririnn með hverju barni er 7.500 krónur á mánuði og breytist lífeyririnn í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 173,5 stigum.
- 28.2. Sama rétt til lífeyris, sbr. ákvæði 28.1, öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

## 29. Örorkulífeyrir í V – deild

- 29.1. Sjóðfélagi sem er yngri en 67 ára og verður fyrir orkutapi sem er 50% eða meira og hefur greitt til lífeyrissjóðs að lágmarki 24 mánuði fyrir orkutap á rétt á örorkulífeyrir úr sjóðnum.
- 29.2. Örorkulífeyrir skal vera sama hlutfall af áunnum lífeyrisrétti reiknuðum, skv. *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald* og metið hlutfall orkutaps.
- 29.3. Örorkulífeyrir er ekki greiddur ef orkutap varir skemur en sex mánuði.
- 29.4. Skilt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta sjóðnum í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

- 29.5. Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir úr sjóðnum vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannarlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist upplýsinga frá vinnuveitanda, Ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasjóðum. Við mat á tekjuskerðingu er tekið tillit til greiðslna frá öðrum lífeyrissjóðum, atvinnutekna, bóta almannatrygginga og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélagi nýtur vegna orkutaps. Við mat á tekjuskerðingu skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú ár fyrir orkutap verðbætt til úrskurðardags. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu launa.
- 29.6. Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hvaða tekjur sjóðfélaga teljast til viðmiðunartekna.
- 29.7. Hlutfall orkutaps og tímasetning þess er ákvarðað að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda. Trúnaðarlæknir metur hlutfall orkutaps og tímasetningu þess.
- 29.8. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hlutfall orkutaps ákvarðað að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum. Sjóðurinn getur óskað eftir því að endurmat fari fram oftari telji hann þess þörf.
- 29.9. Sjóðnum er heimilt að setja sem skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

### **30. Framrekningur örorkulífeyris í V – deild**

- 30.1. Séu neðangreind skilyrði uppfyllt skal lífeyrir framreknaður til 65 ára aldurs samkvæmt ákvæðum greinar 30.3:
- 30.1.1. að sjóðfélagi hafi greitt til sjóðsins í a.m.k. þrjú af fjórum undanfarandi almanaksárum fyrir orkutap og að inngreidd iðgjöld á ári hafi verið að lágmarki kr. 45.000 miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs,
  - 30.1.2. að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði af undanfarandi tólf mánuðum fyrir orkutap, og
  - 30.1.3. að sjóðfélagi hafi ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.
- 30.2. Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru hér í greinum 30.1.1 og 30.1.2 er sjóðnum heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvist að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 30.3. Framrekningur er viðbót við örorkulífeyrir sem nemur þeim réttindum sem árlegt meðaltal iðgjalda næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið gæfi samkvæmt *Tafla 4: Árlegur lífeyrir fyrir 10.000 kr iðgjald* væri það greitt þau ár er vantar á 65 ára aldur sjóðfélaga, reiknaður í samræmi við metið hlutfall orkutaps. Telji sjóðurinn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

- 30.4. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, hvort sem það er vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum vegna barneigna eða sambærilegra aðstæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að sjóðfélagi hefur aftur störf og greiðir lágmarksíðgjald til sjóðsins.
- 30.5. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjalda-greiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira er lífeyrissjóðnum heimilt að reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins og miða framrekning við þetta meðaltal.
- 30.6. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við sem svarar 400 þúsund króna árslaunum, miðað við 173,5 stig vísitölu neysluverðs, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framrekningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa svarað til lægri árslauna en 400 þúsund króna og fjöldu almanaksára frá 25 ára aldri fram til starfsorkutaps.
- 30.7. Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreknuð réttindi aldrei reiknast hærri en þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

### **31. Niðurfelling / breyting á örorkulífeyri í V – deild**

- 31.1. Ef metið hlutfall orkutaps sjóðfélaga breytist við endurmat þá breytist örorkulífeyrir samsvarandi og fellur niður ef orkutapið fer niður fyrir 50%.
- 31.2. Sjóðnum er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri ef tekjur aukast þannig að skilyrðum greinar 29.5 er ekki lengur fullnægt.
- 31.3. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og hefst þá taka ellilífeyris. Fjárhæð ellilífeyris er þá reiknuð út frá áunnum réttindum sjóðfélaga við orkutap. Hafi sjóðfélagi notið framreknings sbr. kafla 30 skal fjárhæð ellilífeyris einnig reiknuð út frá framrekningi. Við töku ellilífeyris skv. grein þessari skal ekki miðað við hlutfall orkutaps sjóðfélaga.

### **32. Endurskoðun réttinda í V – deild**

- 32.1. Deildin skal eiga fyrir skuldbindingum sínum skv. tryggingafræðilegri athugun, sbr. grein 39.1. Ef eignir duga ekki fyrir áföllnum skuldbindingum skal sjóðurinn gera viðeigandi ráðstafanir svo sem að skerða áunnin réttindi og skerða þau réttindi sem iðgjald til sjóðsins veitir.
- 32.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sem kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 er stjórn sjóðsins skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimil hækkun eða lækkun lífeyrisréttinda sé munur eignarliða og lífeyrisskuldbindinga innan 5% marka að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt samkvæmt lögum nr. 129/1997 að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

### 33. Um réttindi sjóðfélaga sem flytjast í B-deild

- 33.1. Fimm lífeyrissjóðir sveitarfélaga sameinuðust Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga 1. júlí 2013. Sjóðfélagar þeirra urðu við það félagar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs. Einn lífeyrissjóður sveitarfélaga sameinaðist Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga 1. janúar 2017. Sjóðfélagar þess sjóðs urðu við það félagar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs. Sjóðfélagar halda áunnum lífeyrisréttindum sínum óskertum, njóta sömu lífeyrisávinnslu og lúta sömu skyldum og kvöðum varðandi réttindi og í samþykktum sjóðanna áður en til samrunanna kom. Sérákvæði fyrir hvern sjóðfélagahóp eru í við-aukum 1-6 sem eru hluti af samþykktum Brúar lífeyrissjóðs. Þessi sérákvæði ganga framar sambærilegum ákvæðum í almennum köflum samþykktu Brúar lífeyrissjóðs. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði samþykktu Brúar lífeyrissjóðs (greinar 1 - 5 og greinar 38 - 49) fyrir þessa sjóðfélaga. Réttindi sjóðfélaga B-deildar skulu skráð í sérgreind réttindasöfn, eitt fyrir hvern þeirra sjóða sem sameinuðust í deildinni 2013 og 2017 eða kunna að sameinast henni síðar. Skal þar skrá bæði réttindi sem áunnin voru fyrir sameiningu og þau sem síðar ávinnast. Falli réttur sjóðfélaga til að greiða til réttindasafns niður á sjóðfélagi ekki rétt til frekari greiðslna iðgjalda til deildarinnar.

### 34. Ábyrgð sveitarfélaga á skuldbindingum B-deildar

- 34.1. Ábyrgð hvers sveitarfélags á skuldbindingum B-deildar takmarkast við skuldbindingar vegna þess réttindasafns deildarinnar sem tekur til viðkomandi lífeyrissjóðs og fer eftir ákvæðum þess viðauka samþykktu sem um safnið gilda. Sem hluta af tryggingafræðilegri athugun B-deildar skal sýna aðgreinda skuldbindingu vegna hvers réttindasafns, bæði áfallnar skuldbindingar og framtíðar ásamt reiknuðum hluta í eignum og mati á kostnaði samkvæmt greinum 34.2 - 34.8.
- 34.2. B-deild sjóðsins tekur þátt í rekstrar- og fjárfestingarkostnaði sjóðsins á hverju ári í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar deildarinnar í lok ársins á undan. Innan B-deildar skal árlega reikna skiptingu kostnaðar milli réttindasafna eftir sömu aðferð. Kostnaður hvers réttindasafns greiðist af eignarhluta þess í eignum B-deildar.
- 34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.
- 34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávoxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilegri athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávoxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.
- 34.5. Taki starfsmenn aðildarstofnunar eða fyrirtækis ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna og hafi ákvæði um takmörkun iðgjaldagreiðslna ekki verið beitt er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall viðkomandi aðila sérstaklega.

- 34.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka við greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi, sem tryggt er með fullnægjandi hætti, frá launagreiðanda til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Launagreiðandi, sem gert hefur upp áfallna skuldbindingu sína samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabilis og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til. Ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt grein 34.1 og grein 35 helst þó óbreytt.
- 34.7. Stjórn sjóðsins getur með samþykki sveitarfélags sem ber bakábyrgð á þeim réttindasöfnum sem greitt er til, heimilað launagreiðanda sem þess óskar að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar með mótframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings. Fellur þá niður skylda hans til endurgreiðslu lífeyris samkvæmt greinum 34.3 - 34.8.
- 34.8. Verði greiðslufall á skuldabréfi sem B-deild hefur tekið við til uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum launagreiðanda, sbr. grein 34.6, skulu eftirstöðvar bréfsins færðar til lækkunar á skiptihlutfalli réttindasafns samkvæmt ákvæðum greinar 35.

## 35. Um stöðu réttindasafna B-deilda

- 35.1. Við stofnun B deilda skiptist eignir í hlutfalli við þær eignir sem hver sjóður leggur til deildarinnar. Liggi markaðsverð fyrir skal miðað við það en um mat annarra eigna skal gera sérstakt samkomulag
- 35.2. Samhliða tryggingafræðilegri athugun í lok hvers árs, skal skipta eignum B-deilda milli réttindasafna deildarinnar.
- 35.3. Í lok hvers árs er reiknað hlutfall hvers réttindasafns. Þá er tekið tillit til iðgjalda, viðbótarframlaga, lífeyrisgreiðslna, kostnaðar og fjármagnstekna. Í tryggingafræðilegri athugun hvers árs skal sýna reiknað skiptihlutfall hvers réttindasafns. Nánar er mælt fyrir um útreikning á eignarhlutum réttindasafna í Viðauki 7: Reiknireglur vegna B-deilda.
- 35.4. Hluti réttindasafna af eignum B-deilda í lok hvers árs skal jafnan vera hærri en tvöfaldar greiðslur lífeyris úr réttindasafninu að viðbættum rekstrakostnaði þess árið á undan. Uppfylli eitthvert réttindasafn ekki það skilyrði skal það sveitarfélag sem að réttindasafninu stendur greiða til B-deilda fyrir 1.júlí hvert ár þannig að ofangreindu lágmarki sé náð. Fram til þess að greiðsla hefur verið innt af hendi skal sjóðnum heimilt að endurkrefja viðkomandi sveitarfélag um allan greiddan lífeyri.
- 35.5. Ef eignarhlutur réttindasafns reiknast neikvæður skal sjóðurinn stöðva greiðslur lífeyris úr því réttindasafni og verða þá greiðslur til lífeyrisþega á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags þar til það hefur greitt inn til B-deilda svo að skilyrði greinar 35 verði uppfyllt.

## 36. Um breytingar á ákvæðum viðauka vegna B-deilda

- 36.1. Til breytinga á ákvæðum viðauka 1 – 5 vegna B-deilda, annarra en þeirra er leiða kunna af breytingum á landslögum, þarf samþykki meirirhluta viðkomandi bæjarstjórnar og stjórnar starfsmannafélags viðkomandi bæjarfélags. Til breytinga á ákvæðum viðauka 6 vegna B-deilda, annarra en þeirra sem leiða kunna af breytingum á landslögum, þarf samþykki meirirhluta viðkomandi bæjarstjórnar.

## **37. Um upplýsingagjöf vegna B-deilda**

- 37.1. Sjóðnum er skylt að upplýsa sveitarfélög, og starfsmannafélög þeirra eftir því sem við á, um rekstur og fjárhagsstöðu viðkomandi hluta B-deilda sjóðsins eigi sjaldnar en árlega með kynningarfund. Skal kynningin taka mið af dagskrá aðalfundar sjóðsins.

## **VI. Kafli: Almenn ákvæði**

### **38. Greiðsla lífeyris**

- 38.1. Sjóðfélagi sem óskar eftir greiðslu lífeyris skal skila inn umsókn til sjóðsins. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrirfram.
- 38.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki kr. 3.077 á mánuði er sjóðnum heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðinga. Fjárhæð þessi breytist í í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 410,7 stigum (m.v. mars 2013.)

### **39. Tryggingafræðileg athugun**

- 39.1. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag deilda sjóðsins í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997.

### **40. Framsal og veðsetning lífeyrisréttinda óheimil**

- 40.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi láttinn né veðsettur.

### **41. Skipting lífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka**

- 41.1. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997.

### **42. Skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma**

- 42.1. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

### **43. Geymd réttindi**

- 43.1. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi.

### **44. Heimildir stjórnar**

- 44.1. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka að sér rekstur annarra lífeyrissjóða enda komi eðlileg þóknun fyrir.
- 44.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna viðkomandi lífeyrissjóða. Stjórnin skal gæta þess að réttindi sjóðfélaga sjóðanna breytist ekki við samrunann. Samrunasamningur milli sjóðsins og annarra lífeyrissjóða skal hljóta samþykki með sama hætti og breytingar á samþykktum sjóðsins.

44.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs annað enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur um flutning á milli deilda.

#### **45. Endurgreiðsla iðgjalda til erlendra ríkisborgara**

45.1. Sjóðnum er heimilt að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brotflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasmáningum, sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin urðu til. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) samkvæmt gildandi milliríkjasmáningum.

45.2. Skilyrði endurgreiðslu iðgjalda erlendra ríkisborgara eru eftirfarandi;

45.2.1. að lagt sé fram afrit af vegabréfi sem staðfestir erlent ríkisfang,

45.2.2. að lagt sé fram afrit af flugseðli,

45.2.3. að lögð sé fram staðfesting um starfslok frá vinnuveitanda, og

45.2.4. að formleg staðfesting á búsetu viðkomandi aðila berist sjóðnum innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar um endurgreiðslu iðgjalda.

45.3. Hafi iðgjöld verið endurgreidd fellur niður sá lífeyrisréttur sem grundvallaðist á þeim.

#### **46. Iðgjaldayfirlit skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997**

46.1. Sjóðnum er skylt að upplýsa sjóðfélaga um réttindi þeirra með því að senda þeim að minnsta kosti tvisvar á ári yfirlit um iðgjöld þeirra og árlega yfirlit um réttindi, svo og um rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum.

#### **47. Ágreiningsmál**

47.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málínu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málínu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málínu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skytt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

#### 48. Breytingar samþykktu þessa

- 48.1. Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki stjórna stofnaðila sjóðs-íns, þ.e. BSRB, Bandalags háskólamanna, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 48.2. Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að kynna þær á ársfundi, sbr. grein 4.2 ef slíkar breytingar leiða beint af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.

#### 49. Gildistökuákvæði

- 49.1. Samþykktir þessar koma í stað eldri samþykktu frá 1. júní 2016. Samþykktir þessar öðlast gildi 1. júní 2017 enda hafi þær hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Reykjavík, 8. maí 2017

Gardar Hilmarsson  
Karl Þór Jónasson  
Birn Þórir Jónasson  
Safnul Þórisdóttir  
Sigurður Ármannsson  
Þurða Ólafsson



Annar. Þórssd.  
Haraldur Þó.

**Viðauki 1: Réttindaákvæði úr samþykktum Eftirlaunasjóðs starfsmanna  
Hafnarfjarðarkaupstaðar**

1. gr.  
**Iðgjöld.**

- 1.1 Þeir einir hafa rétt til að greiða áfram til sjóðsins sem voru sjóðfélagar í júní 1998, hafa átt aðild að sjóðnum óslitið frá þeim tíma, eru í eigi minna en hálfu starfi og taka kjör samkvæmt kjarasamningum byggðum á lögum opinberra starfsmanna nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Falli iðgjaldagreiðslur til sjóðsins niður t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að sjóðnum innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að sjóðnum.
- 1.2 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.
- 1.3 Iðgjald er 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan 10 daga frá útborgun launanna.
- 1.4 Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 1.5 Launagreiðendur greiða 8% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 1.6 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmtíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 5. mgr. 2. gr. greiðir launagreiðandi hans 12% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.
- 1.7 Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.
- 1.8 Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um starfsmenn sveitarfélaga og fyrirtækja.

2. gr.  
**Eftirlaun.**

- 2.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

- 2.2 Upphæð ellilífeiris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélags og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgiold hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeiri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeiri.
- 2.3 Eftir að taka lífeiris hefst skulu breytingar á lífeirisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreyingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.
- 2.4 Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeiris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeirisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku þessara samþykktu, geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 2. gr. viðaukans, valið hvort lifcyrisgrciðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 2. gr. og 1. eða 4. mgr. 6. gr. viðaukans, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 2. gr. viðaukans. Skal stjórnin setja nánari ákvæði um með hvaða haetti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttar og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.
- 2.5 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeiri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfaðir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgiold hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.
- 2.6 Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 5. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeiris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.
- 2.7 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Eftirlaunajóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti tíu ár, ella skal miðað við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár.
- 2.8 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeirisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeiri allt að einstaklingslífeiri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis um heilsufar.
- 2.9 Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeiris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.
- 2.10 Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til lífeirissjóðsins skv. gr. 1.1 en kjósa fremur að greiða til A-deildar LSS, eiga ekki rétt til töku ellilífeiris úr sjóðnum á meðan þeir gegnir störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 1. gr.

3. gr.

**Um sérstök lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu og næturvinnu.**

- 3.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Eftirlaunajóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vakaálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 3.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nótturni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00-09.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 3.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vakaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 3.4 Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.
- 3.5 Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.
- 3.6 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vakaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- 3.7 Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

4. gr.

**Örorkulífeyrir.**

- 4.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er trúnaðarlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 4.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 2. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 2. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.3 Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshlutu af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að fráðregnun örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 2. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 4.4 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

- 4.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.
- 4.6 Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

5. gr.  
**Makalífeyrir.**

- 5.1 Nú andast sjóðfölagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.
- 5.2 Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfölagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfölagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:
1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
  2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
  3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.
- 5.3 Nú hefur sjóðfölagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 5.4 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.
- 5.5 Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfölagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.
- 5.6 Þegar sjóðfölagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrriverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.
- 5.7 Heimilt er að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila skv. ákvæðum 6. mgr.
- 5.8 Hafi sjóðfölagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfölagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

6. gr.  
**Frestun á töku eftirlauna.**

- 6.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.
- 6.2 Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.
- 6.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 7. mgr. 2. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 2. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.
- 6.4 Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1997 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1997. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

7. gr.  
**Barnalífeyrir.**

- 7.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn er sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.
- 7.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.
- 7.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.
- 7.4 Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

8. gr.  
**Úrgöngur úr sjóðnum.**

- 8.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann létt af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna briggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 2. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 7. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

- 8.2 Sé staða eða starf sjóðfélags lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 2. gr.

9. gr.

#### Flutningur milli sjóða.

- 9.1 Nú flyst starfsmaður er verið hefur í Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna, þegar að töku lífeyris kemur. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.
- 9.2 Sjóðsstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum samþykktum.
- 9.3 Á tilsvarandi hátt er sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, að veita viðtöku, vegna manns er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fó því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.
- 9.4 Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, heimilað réttindakaup aftur í tímann þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.
- 9.5 Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slikt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjjasamningum sem Ísland á aðild að.

10. gr.

#### Tilhögun greiðslu lífeyris.

- 10.1 Lifeyrir greiðist með 1/12 árslifeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.
- 10.2 Nú nær mánaðarleg greiðsla lífeyris ekki kr. 3.077 á mánuði, og er þá heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu miðað við 410,7 fyrir mars 2013.

11. gr.

#### Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins

- 11.1 Hafnarfjarðarkaupstaður ábyrgist skuldbindingar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Lifeyrir fyrir stofnun sjóðsins (1.9.1956).

- I.I Sjóðfélagar, sem fyrir stofnun sjóðsins hafa verið í þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar eða stofnana, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, og þá fullnægt ráðningarskilyrðum gr. 1.1 skulu fá lífeyrisrétt fyrir þann starfstíma svo sem hér segir:

- I.II Eftirlaunin eru fundin þannig, að fyrst er fundið hve marga hundraðshluta af laumum hvert ár, sem þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins gefur í eftirlaun, samkvæmt gr. 2.2. Hvert starfsári fyrir stofnun sjóðsins gefur 100% af ársmeðaltalinu eftir að iðgjaldagreiðslan hófst.
- I.III Örorkulífeyrir ákvarðast út frá áunnum eftirlaunarétti með sama hætti og hjá öðrum sjóðfélögum.
- I.IV Eigi einhver sjóðfélagi betri lífeyrisrétt en hér greinir vegna fyrri samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, heldur hann þeim rétti.
- I.V Lífeyrir, sem greiddur kann að verða vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, skal endurgreiddur úr bæjarsjóði eða af þeirri bæjarstofnun eða sjálfseignarstofnun, sem í hlut á.

## Viðauki 2: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

### 1. gr. Iðgjöld sjóðsins.

- 1.1. Óheimilt er að taka við nýjum sjóðfélögum frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 1.2. Rétt til greiðslu iðgjalda til sjóðsins eftir 1. júlí 1998 hafa sjóðfélagar sem eru starfsmenn Akraneskaupstaðar, stofnana hans og sjálfsignarstofnana sem hafa lögheimili í kaupstaðnum og starfa í almennings þarfir. Þeir skulu vera ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu kaupstaðarins eða stofnana hans og þeir taki laun skv. kjarasamningi St. Ak. og Akraneskaupstaðar. Undir þetta ákvæði falla hlutastörf, þó ekki minna en 1/3 úr fullu starfi, enda stundi starfsmaður fast samfellt starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu bæjarins.
- 1.3. Rétt til greiðslu iðgjalda til sjóðsins hafa þeir starfsmenn Akranesveitu er við sameiningu Akranesveitu og Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 2002 greiddu iðgjöld til sjóðsins. Þeir skulu ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu Orkuveitunnar. Undir þetta ákvæði falla hlutastörf, þó ekki minna en 1/3 úr fullu starfi, enda stundi starfsmaður fast samfellt starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu bæjarins.
- 1.4. Iðgjald sjóðfélaga skal vera 4% af föstum launum hans og vaktaálagi samkvæmt 2.3.
- 1.5. Iðgjald launagreiðanda er 8% af föstum launum sjóðfélaga og vaktaálagi samkvæmt 2.3.
- 1.6. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna samanber þó 4.6. Eftir að iðgjalda-greiðslur falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða samkvæmt 95 ára reglu, sbr. gr. 4.6, skal launagreiðandi greiða 12% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. mgr. þessarar greinar í iðgjalda til sjóðsins, sbr. þó 49. gr.
- 1.7. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 1.8. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og greiða þau til sjóðsins innan 11 daga frá útborgun launanna ásamt eigin iðgjaldahluta. Áskilinn er réttur til þess að reikna dráttarvexti (dagvexti) frá útborgun launa, ef greiðsla dregst frekar.
- 1.9. Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

### 2. gr. Vaktavinnufólk

- 2.1. Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sértaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 2.2. Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nótinni, það er á tímabilinu frá kl. 22:00 - 09:00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 2.3. Sjóðfélagi greiði 4% af vaktálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 2.4. Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.
- 2.5. Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum, skal hún jafnframt ákvæða hvort og þá hvernig skuli umrekna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

- 2.6. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda, að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- 2.7. Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu, ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.
- 2.8. Sjóðfélagar, sem unnið hafa vaktavinnu á undaförnum árum, eiga rétt á að kaupa sér sérstakan viðbótarlífeyrisrétt sem nemur allt að 2 árum, enda hafi ekki áður verið greitt iðgjald af þeim launum.

### **3. gr. Lifeyrir.**

- 3.1. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lifeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir, sbr. cinnig um sambúðarfólk í 6. gr., tl. 9, 10 og 11 hér á eftir.

### **4. gr. Ellilífeyrir.**

- 4.1. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum, enda láti hann af starfi sínu. Skylt er sjóðfélaga að láta af starfi sínu, þegar hann er orðinn 70 ára nema sérstök samþykkt bæjarstjórnar komi til. Teljast árin eftir 70 ára aldur ekki með starfstímanum, þegar upphæð eftirlauna er ákveðin, nema iðgjaldagreiðslutíma sé ólokið.
- 4.2. Hefji sjóðfélagi töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris vera hundraðshlut af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi, sem við starfslok sjóðfélaga fylgdu þeirri stöðu sem sjóðfélagi gegndi síðast. (sjá þó 4.7. og 11.1.)  
Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 9.1. eða 9.3. greinar.
- 4.3. Hefji sjóðsfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig:
  - a) Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins en látið af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lifeyrir úr sjóðnum við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. 9.1. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir 1. september 2003 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu til 1. september 2003, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
  - b) Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins og á rétt á viðmiðun við hærra launað starf en það sem hann greiddi síðast af til sjóðsins sbr. 4.4., 4.5. og 4.6. grein. Skal þá miða lifeyri úr sjóðnum við þau laun sem hærra launaða starfinu fylgdu þegar hann létt af því starfi með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 9.1. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir 1. september 2003 skal þó miða við þau laun sem hærra launaða starfinu fylgdu til 1. september en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
  - c) Sjóðfélagi hefur greitt í minna en þrjú ár til sjóðsins og fer á lifeyri án þess að það sé í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lifeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins.

- d) Sjóðfélagi átti aðild að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 11.3. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingu sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 9.1. grein. Hafi hann látið af iðgjaldagreiðslum til sjóðsins fyrir 1. september 2003 skal þó miða við laun í því starfinu, sem iðgjöld hans voru miðuð við 1. september 2003 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 9.1. grein.
- 4.4. Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum hjá sjóðnum, skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf, sem hann auk enn hærra launaðra starfa gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
- 4.5. Hundraðshluti lífeyris er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert iðgjaldafrjálst ár þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til ellilífeyris bætist 1%, en 2% fyrir hvert iðgjaldafrjálst ár eftir það (sjá þó 4.6. og 4.7.).
- 4.6. Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur hans og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og ekki 64 ára, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum enda láti hann af störfum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð en ekki lengur. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall, en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Fresti sjóðfélagi töku lífeyris fram yfir 95 ára markið, vex lífeyrisrétturinn um 2% fyrir hvert frestað ár. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár í fullu starfi.
- 4.7. Lífeyrir sjóðfélaga, sem ekki hefur verið í fullu starfi allan iðgjaldagreiðslutíma sinn, miðast við meðalhundraðshluta í starfi, annars vegar þann tíma sem gefur 2% á ári og hins vegar við tíma, sem gefur 1% á ári. Láti sjóðfélagi sem náð hefur 65 ára aldri af starfi sínu að hluta, er stjórn sjóðsins heimilt að úrskurða hlutfallslega lífeyri. Lífeyri vegna þess hluta starfsins, sem hann heldur áfram skal úrskurða, þegar hann lætur að fullu af starfi.
- 4.8. Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu vakta- og næturvinnufólks (sjá 2.6.) er greiddur viðbótarellilífeyrir, sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum (sjá 2.4.).
- 4.9. Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 4.10. Á meðan sjóðfélagi geginn áfram starfi eftir að hann hefur verið frá því leystur eða hann fær af öðrum ástæðum greidd óskert laun, á hann ekki jafnframt rétt til ellilífeyris.

## 5. gr. Örorkulífeyrir.

- 5.1. Sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyrir ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miða við vanhæfni sjóðfélagana til að gegna starfi því er hann hefur gengt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

- 5.2. Hámark örorkulífeyrir miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 4.5. til 4.7. Við það bætist einstaklingslífeyrir almannatrygginga. Ef rekja má örorkuna til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunninn lífeyrisréttur skal reiknast af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast (sjá þó 11.1.). Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 5.3. Viðbótarörorkulífeyrir. Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu vakta- og næturvinnufólks (sjá 2.6.) hækkar hámarksörorkulífeyrir, sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum (sjá 2.4.).
- 5.4. Sé örorka sjóðfélagsins á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyrir og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert prósent sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75% nær 67 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 4. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans.
- 5.5. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyrir.
- 5.6. Stjórn sjóðsins ber að lækka eða fella niður örorkulífeyrir þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyririnn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærra en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.

## 6. gr. Makalífeyrir.

- 6.1. Andist sjóðfélagi, á eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum, áður en sjóðfélagi lést.
- 6.2. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast (sjá þó 11.1.).
- 6.3. Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafi töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið, hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.
- 6.4. Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu vakta- og næturvinnufólks (sjá 2.6.) er greiddur viðbótarmakalífeyrir, sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum (sjá 2.4.).
- 6.5. Sé makalífeyrir samkvæmt 6.2. og 6.4. lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginga, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- og ellilífeyri frá almannatryggingum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim sem nefndir eru í 6.3.
- 6.6. Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

- 6.7. Réttur til makalífeyris fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið án þess að það veiti rétt til makalífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu meðan samvistum er eigi slitið. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari maka.
- 6.8. Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur og lætur eftir sig two maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur sé því hjónbandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.
- 6.9. Andist ógiftur sjóðfélagi og hafi ógiftur aðili sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlátíð, þó eigi skemur en símm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyrir.
- 6.10. Andist ógiftur sjóðfélagi í sambúð, er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðaraðila makalífeyrir, eigi hann barn innan 18 ára aldurs með hinum látna.
- 6.11. Sjóðstjórn er heimilt að greiða sambúðaraðila ógifts sjóðfélaga makalífeyrir í 24 mánuði þó ekki sé fullnægt skilyrðum í 6.9. og 6.10. eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

## 7. gr. Frestun á töku lífeyris.

- 7.1. Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyrir og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem var hærra launað.
- 7.2. Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari mgr. ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

## 8. gr. Barnalífeyrir.

- 8.1. Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast og yngri eru en 18 ára, eiga rétt á barnalífeyri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti.
- 8.2. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga (sjá þó 11.2).
- 8.3. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njótaelli- og örorkulífeyris úr sjóðnum, þó þannig, að barnalífeyrir til barna eða kjörbarna örorkulífeyrirþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.
- 8.4. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
- 8.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.

## 9. gr. Breyting á lífeyri eftir að lífeyristaka hefst.

- 9.1. Ellilifeyrir, örorkulifeyrir og makalifeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. 4.2. grein frá því sem hann var í ágúst 2003 eða verður ákveðinn skv. 4.2. eða 4.3. grein þegar lífeyristaka hefst. Hagstofa Íslands reiknar breytingarnar skv. reglum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skulu þær reiknaðar mánaðarlega miðað við laun tveim mánuðum áður og birtar sjóðnum. Breytingarnar skulu reiknaðar sem vísitala sem sett skal (100 fyrir desember 1996).
- 9.2. Breytingar á lífeyri eftir að taka hans hefst skv. 9.1. grein tekur til þeirra sem hér greinir.
- Lífeyrisþega hjá sjóðnum í ágúst 2003, sem kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 9.1. grein, sbr. ákvæði 9.4. greinar.
  - Sjóðfélaga, sem hefja töku lífeyris úr sjóðnum eftir 1. september 2003 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til sjóðsins og ekki kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 9.3. grein, sbr. ákvæði 9.5. greinar.
  - Sjóðfélaga, sem hefja töku lífeyris úr sjóðnum eftir 1. september 2003 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til sjóðsins og eiga rétt til viðmiðunar við laun fyrir haerra launað starf en þeir gegndu næst fyrir töku lífeyris, sbr. greinar 4.3.a, 4.3.b. og 4.3.c. og ekki kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 9.3. grein, sbr. ákvæði 9.4. greinar.
  - Sjóðfélaga, sem hefja ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem veitti þeim aðild að sjóðnum og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. ákvæðum 4.3. greinar.
  - Sjóðfélaga, sem áttu aðild að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 11.3. og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. grein 11.3.
- 9.3. Þrátt fyrir ákvæði 9.1. greinar geta þeir, sem fengu lífeyri úr sjóðnum í ágúst 2003 eða hefja töku lífeyris úr sjóðnum í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, ákveðið að í stað breytinga skv. 9.1. grein fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða upphaflegur lífeyrir er miðaður við með öðrum hætti skv. 4.3. grein. Val lífeyrisþega skv. þessu ákvæði tekur einnig til makalifeyrirréttar og er bindandi fyrir hann með sama hætti.
- 9.4. Sjóðfélagar, sem fengu úr sjóðnum í júní 2003, skulu ákveða fyrir 1. janúar 2004 hvort um breytingar á lífeyri þeirra fari eftir ákvæðum 9.1. greinar eða 9.3. greinar. Kjósi sjóðfélagi að farið verði eftir 9.1. grein skal upphæð lífeyris frá og með þriðja mánuði á eftir ráðast af ákvæðum þeirrar greinar og er það val bindandi upp frá því.

- 9.5. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris úr sjóðnum í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til sjóðsins þar til taka lífeyris hófst, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst tilkynna sjóðnum hvort um lifeyri hans skuli fara eftir 9.1. grein eða 9.3. grein. Berist slík tilkynning ekki skal farið eftir 9.1. grein. Velji sjóðfélagi 9.1. grein með slíkri tilkynningu eða ef engin tilkynning berst skal upphæð lífeyris frá og með upphafi á töku lífeyris ráðast af ákvæðum þeirrar greinar og er það val bindandi upp frá því.
- 9.6. Sjóðfélagi, sem skv. 9.4. eða 9.5. grein, kýs að um lífeyri hans fari eftir 9.3. grein, skal eiga þess kost að velja síðar að farið verði að ákvæðum 9.1. greinar og er það val bindandi upp frá því. Skal breytingin þá koma til framkvæmda mánuði eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti og lífeyrissjóðurinn hefur staðfest móttöku umsóknar um breytingu. Breytingar á lífeyri skv. 9.1. grein miðast við lífeyri sjóðfélaga í mánuðinum á undan breytingunni eins og hann var ákveðinn skv. 9.3. grein.
- 9.7. Sé starf, sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri, sbr. 9.3. grein, lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra, sem haft hafa viðmið við það, upp frá því fara eftir 9.1. grein. Stjórnin getur þó ákveðið önnur viðmiðunarlaun sé eftir því óskað.

## 10. gr. Starfstími sjóðfélaga.

- 10.1. Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

## 11. gr. Úrganga úr sjóðnum.

- 11.1. Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilifeyrir hans, örorkulifeyrir og lifeyrir eftirlátins maka, sbr. 4., 5. og 6. gr. miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann létt af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lifeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild að sjóðnum, miðast eðli-, örorku- og makalifeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja.
- 11.2. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár, skal lifeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 8. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilifeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilifeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.
- 11.3. Sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður, á hann rétt að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

## 12. gr. Flutningur réttinda og endurgreiðsla.

- 12.1. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur þar um.
- 12.2. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimilt samkvæmt millirkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi millirkjasamningum.

- 12.3. Í samþykktum er heimilt að kveða á um útborgun lífeyris í einu lagi ef um lágar upphæðir er að ræða.

### **13. gr. Greiðsla lífeyris.**

- 13.1. Lifeyrir úr sjóðnum greiðist mánaðarlega fyrirfram.
- 13.2. Lifeyrir greiðist lífeyrisþegum (sbr. þó 8.5) eða þeim, sem hann gefur til þess skriflegt umboð.
- 13.3. Mánaðarlega greiddur lífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar á launum skv. 9.1. grein frá og með næsta mánuði eftir að útreikningur á þeim liggur fyrir.
- 13.4. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og greiðist lífeyrir frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn berst. Þó skal heimilt að greiða lífeyri frá því að réttur til greiðslu stofnast, þó eigi meira en fjögur ár aftur í tímann.
- Launagreiðandi sem stendur skil á iðgjöldum til sjóðsins skv. 1. grein skal tilkynna sjóðnum þegar sjóðfélagi lætur af starfi hjá honum, sem veitir aðild að sjóðnum eða hann hættir greiðslu iðgjalda til sjóðsins af öðrum ástæðum.
- 13.5. Nú nær mánaðarleg greiðsla lífeyris ekki kr. 3.077 á mánuði og er þá heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu miðað við 410,7 fyrir mars 2013.

### **14. gr. Lífeyrisgreiðslur vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins.**

- 14.1. Sjóðfélagar, sem hafa fyrir stofnun sjóðsins verið í þjónustu Akraneskaupstaðar, stofnana hans eða sjálfseignarstofnana, er fengið hafa aðgang að sjóðnum og þá fullnægt ráðningarskilyrðum í grein 1.3, skulu fá lifeyrisrétt fyrir þann starfstíma allt að 10 ár, þó ekki fyrir fleiri ár en svo að heildarstarfstími sem lifeyrisréttur er miðaður við verði mest 30 ár.
- 14.2. Lífeyrisréttur skal þó vera sem hér segir:

Ellilífeyrir er fundinn þannig, að fyrst er fundið hve marga hundraðshluta af launum hvert ár sem þeir hafi greitt iðgjald til sjóðsins gefur í ellilífeyri skv. 4. gr.

Hvert starfsár fyrir stofnun sjóðsins gefur 60% af ársmeðaltalinu eftir að iðgjaldagreiðslan hófst.

Örorkulífeyrir ákvarðast út frá áunnum ellilífeyrisrétti með sama hætti og hjá öðrum sjóðfélögum.

Makalífeyrir ákvarðast þannig, að hvert starfsár fyrir stofnun sjóðsins gefur 0,6% af launum í makalífeyri. Lifeyrir, sem greiddur kann að verða vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, skal endurgreiddur úr bæjarsjóði eða af þeirri bæjarstofnun eða sjálfseignarstofnun, sem í hlut á.

### **15. gr. Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins**

- 15.1. Akraneskaupstaður ábyrgist skuldbindingar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

### **16. gr. Gildistaka o. fl.**

- 16.1. Lifeyrisþegar, sem áttu betri rétt samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1978, skulu halda þeim rétti. Reglugerðin frá 1978 skal aðgengileg sjóðfélögum á skrifstofu sjóðsins.

- 16.2. Samkvæmt samþykktum þessum, skulu sjóðfélagar njóta þeirra lífeyrisréttinda, sem samið var um 23. september 1980 í kjarasamningi St. Rv. og Akraneskaupstaðar í kaflanum: "Samkomulag um réttindamál" (sbr. viðauka).

### Viðauki 3: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar

#### 1. gr. Iðgjöld.

- 1.1 Þeir einir hafa rétt til að greiða iðgjöld til sjóðsins.
  - 1.1.1 Þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Fjarðabyggð (Neskaupstað) eða stofnunum bæjarins, sjálfseignarstofnanna eða hlutafélaga skrásettra í Neskaupstað sem bæjarfélagið á aðild að og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma.
  - 1.1.2 Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga samkv. gr. 1.1.1. niður vegna launalauss leyfis eða veikindafjarvista hefur hann áfram rétt til aðildar að sjóðnum svo fremi að hann hefji aftur starf sem fellur undir gr. 1.1.1 innan 12 mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur félru niður.
  - 1.1.3 Þeir sjóðfélagar, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld, vegna þess að staða eða starfi sjóðfélaga hafði verið lagður niður.
  - 1.1.4 Þeim sjóðfélögum, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld til sjóðsins er heimil áframhaldandi aðild að sjóðnum flytjist starfsemi stofnunar eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris til sjóðsins í samræmi við samþykktir þessar.
- 1.2 Óheimilt er að veita móttöku iðgjalda vegna annarra frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 1.3 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt gr. 9 í annan lífeyrissjóð.
- 1.4 Iðgjald til sjóðsins er 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót.
- 1.5 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgioldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.
- 1.6 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgioldum sínum.
- 1.7 Launagreiðendur greiða 8% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót er sjóðfélagi tekur hjá þeim og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgioldum sjóðfélaga.
- 1.8 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld í sjóðinn í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður eftir þessari málsgrein eða skv. 95 ára reglu greiðir launagreiðandi 12% af launum þeim sem tilgreind eru í gr. 1.7 í iðgjald til sjóðsins.
- 1.9 Launþegi sem er yngri en 16 ára greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins enda öðlast hann eigi réttindi til sjóðsins fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.
- 1.10 Iðgjaldagreiðslum skal hætt í lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

#### 2. gr. Ellilifeyrir.

- 2.1 Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur og er orðinn 65 ára að aldri hefur rétt til ellilifeyris úr sjóðnum, enda láti hann þá af starfi sínu.

- 2.2 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og sjóðfélagaaldur sé 95 ár, hann orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfærí sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og ellilífeyri fara eftir himni almennu reglu um ellilífeyri.
- 2.3 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri samkvæmt gr. 2.1 bætist við 1% af launum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.
- 2.4 Eftir að taka lífcyris hcfst skulu brcytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreyingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. gr. 2.3, samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
- 2.5 Hafi sjóðfélaginn gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti í 10 ár fyrir á sjóðsfélagstíma sínum skal miða lífeyririnni við það hæst launaða starfið, enda hafi hann engt því í að minnsta kosti í 10 ár, ella skal miða við það hæst launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti í 10 ár.
- 2.6 Nú hefur sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn, og skal þá miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi annars vegar þann tíma sem lífeyrir reiknast 2% á ári og hins vegar þann tíma sem hann reiknast 1% á ári. Láti sjóðfélagi sem náð hefur 65 ára aldri af starfi sínu að hluta er stjórn sjóðsins heimilt að útluta honum hlutfallslegan ellilífeyri. Ellilífeyrir vegna þess hluta starfsins er hann heldur áfram skulu síðan úrskurðuð er hann lætur að fullu af starfi.
- 2.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65-67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót að sjóðfélagi sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 2.8 Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 2.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkv. ákvæðum gr. 2.5 og 6.1 og 6.2 cða hvort þær skulu brcytast samkvæmt ákvæðum gr. 2.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.
- 2.9 Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreyingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. gr. 2.4. Hafi hann látið af störfum fyrir 31. júlí 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 31. júlí 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

**3. gr.**  
**Viðbótarlífeyrir vaktavinnufólks.**

- 3.1 Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris ú Lífeyrissjóði starfsmanna Neskaupstaðar enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vakaálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 3.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá 22.00-09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrísréttinda.
- 3.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vakaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 3.4 Mánaðarlaun þau sem vakaálag er miðað við skulu vera viðmiðunarlaun þegar lífeyrir er ákveðinn og iðgjaldið metið.
- 3.5 Verði horfið frá því að eitt og sama vakaálag sé fyrir alla launaflokka eða röskun verði á hlutfalli vakaálags og viðmiðunarlauna, ellegar breyting á því innan launaflokkakerfisins við hvaða launaflokk vakaálagið sé miðað, ákvarðar stjórn lífeyrissjóðsins hver viðmiðunarlaunin skulu vera og þá jafnframt hvort og hvernig umreikna skuli unnin lífeyrísrétt fyrri ára.
- 3.6 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vakaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrísréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- 3.7 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til lífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

**4. gr.**  
**Örorkulífeyrir.**

- 4.1 Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi hjá stofnun þeirri er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sinum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.
- 4.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrísrétt samkvæmt gr. 2.3 að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrísrétt eins og sjóðfélaginn hafi gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrísréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.3 Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metin er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 2. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 65 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 4.4 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum, eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

- 4.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvítí frá því, sem hún var við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.
- 4.6 Sjóðfélagar sem hefja töku örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lifeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 2.4 valið hvort lifeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 2.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lifeyris hefst.

### 5. gr. Makalífeyrir.

- 5.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lifeyri úr sjóðnum.
- 5.2 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim sem eru til viðmiðunar ellilífeyris sjóðfélagans samkv. gr. 2.4 eða eftir atvikum gr. 2.8. Maki sjóðfélaga hefur sömu heimildir til breytinga á viðmiðun makalífeyris og sjóðfélaginn sbr. gr. 2.8. Ef starfstími sjóðfélagans hefir verið 30 ár eða skemmrí, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár sem hinn látni hafði starfað eftir iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um 1/2% af launum, um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlast rétt til að taka ellilífeyri.
- 5.3 Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingum, það sem á vantar og samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim sem nefndir eru í annarri málsgrein þessarar greinar.
- 5.4 Nú hefir sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lifeyris úr sjóðnum, eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skal njóta lifeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 5.5 Réttur til lífeyris, samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris úr sjóðnum, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.
- 5.6 Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig two maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefir verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lifeyrisréttindi og/eða naut lifeyris út sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónaband ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

**6. gr.**  
**Frestun á töku ellilífeyris.**

- 6.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna ellilífeyri, eftir því starfinu sem herra var launað.
- 6.2 Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests..
- 6.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við herra launað starf en lokastarf skv. gr. 6.1 eða 6.2 eða samkv. gr. 2.5 skal ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 2.4 frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu herra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

**7. gr.**  
**Barnalífeyrir**

- 7.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.
- 7.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50 % hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.
- 7.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna og kjörbarna örorkulífeyrirþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeysi eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeysi.
- 7.4 Fósturbörn, er sjóðfélagi hefir framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veitt hér að framan.

**8. gr.**  
**Iðgjaldagreiðslum haett.**

- 8.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en eðli og örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að launagreiðslur falla niður. Réttur hans og skylda fellur þá niður til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 2. og 5. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst samkv. gr. 2.4. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 7. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

- 8.2 Sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

**9. gr.  
Um flutning réttinda milli sjóða.**

- 9.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja námari reglur þar um.
- 9.2 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasmáningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasmáningum.
- 9.3 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt gr. 9.1 í annan lífeyrissjóð.

**10. gr.  
Greiðslur lífeyris.**

- 10.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð begar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.
- 10.2 Nú nær mánaðarleg greiðsla lífeyris ekki kr. 3.077 á mánuði, og er þá heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu miðað við 410,7 fyrir mars 2013.

**11. gr.  
Réttur þeirra sem njóta lífeyris við gildistöku.**

- 11.1 Sjóðfélagar sem njóta lífeyris við gildistöku samþykktar þessarar skulu frá þeim tíma taka lífeyri samkvæmt ákvæðum hennar.

**12. gr.  
Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins**

- 12.1. Fjarðabyggð ábyrgist skuldbindingar Lífeyrissjóðs Neskaupsstaðar.

**13. gr.  
Bráðabirgðaákvæði.**

- 13.1 Við ákvörðun lífeyris þeirra sjóðfélaga, sem gerðust aðilar sjóðnum með iðgjaldagreiðslum frá 1. janúar 1965, skal þó starfsaldur talinn frá þeim tíma er þeir réðust til starfans. Skulu bæjarsjóður og stofnanir (fyrirtæki) endurgreiða sjóðnum það, sem sjóðfélagi fær greitt á þennan hátt umfram það, sem honum hefði borið réttur til.

**Viðauki 4: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna  
Húsavíkurkaupstaðar**

**1. gr.**

**Iðgjöld til sjóðsins.**

- 1.1 Þeir einir hafa rétt til að greiða iðgjöld til B-deildar sjóðsins:
- 1.1.1 Þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Húsavíkurkaupstað eða stofnunum bæjarins, falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma.
- 1.1.2 Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga samkv. gr. 1.1.1 niður vegna launalauss leyfis eða veikindafjarvista hefur hann áfram rétt til aðildar að sjóðnum svo fremi að hann hefji astur starf sem fellur undir gr. 3.2.1 innan 12 mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur félru niður.
- 1.1.3 Starfsmenn stéttarfélaga, og bandalaga þeirra, sem falla undir lög nr. 94/1986, og starfsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar er þeir hefja störf hjá ofangreindum aðilum hafa á sama hátt rétt á greiðslu iðgjalda til sjóðsins og þeir sem tilgreindir eru í gr. 1.1.1.
- 1.1.4 Þeir sjóðfélagar, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld vegna þess að staða eða starfi sjóðfélaga hafði verið lagður niður.
- 1.1.5 Þeim sjóðfélögum, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld til sjóðsins er heimil áframhaldandi aðild að sjóðnum flytjist starfsemi stofnunar til ríkisins eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris til sjóðsins í samræmi við samþykktir þessar.
- 1.2 Óheimilt er að veita móttöku iðgjalda vegna annarra frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 1.3 Iðgjald til sjóðsins er 12% fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót.
- 1.4 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjoldunum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum
- 1.5 Launagreiðendur greiða 8% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 1.6 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða skv. 95 ára reglu greiðir launagreiðandi 12% af launum þeim sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.
- 1.7 Launþegi sem yngri er en 16 ára greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.
- 1.8 Iðgjaldagreiðslum skal hætt í lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

## 2. gr.

### Ellilífeyrir.

- 2.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum frá þeim tíma, er hann lætur af störfum og laun hans falla niður.
- 2.2 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur er 95 ár, hann orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjöld til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Eftirlaunaráttur hans skal vera 2% iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meira en 64 % að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður, þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisráttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár, frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka ellilífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ár aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og ellilífeyri fara eftir hinni almennu reglu um ellilífeyri.
- 2.3 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélags og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsári eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri samkvæmt gr. 2.1 bætist við 1% af launum, en 2% fyrir hvert starfsári eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lifeyri.
- 2.4 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. gr. 2.3, samkvæmt launavísitölum Hagstofu Íslands.
- 2.5 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum, skal miða ellilífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
- 2.6 Nú hefur sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn og skal þá miða ellilífeyri við meðalhundraðshluta af starfi, annars vegar þann tíma, sem ellilífeyrir reiknast 2% á ári, og hins vegar þann tíma, sem hann reiknast 1% á ári. Láti sjóðfélagi, sem náð hefur 65 ára aldri, af starfi sínu að hluta, er stjórn sjóðsins heimilt að úrskurða honum hlutfallslegan ellilífeyri. Ellilífeyrir vegna þess hluta starfsins, er hann heldur áfram, skal síðan úrskurðaður, er hann lætur að fullu af starfi
- 2.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 2.8 Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 2.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkv. ákvæðum gr. 2.5 og 6.1 og 6.2 eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 2.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.

- 2.9 Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilifeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. gr. 2.4. Hafi hann látið af störfum fyrir 31. júlí 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 31. júlí 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

### 3. gr.

#### Viðbótarlífeyrir vaktavinnufólks.

- 3.1 Vaktavinnufolk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilifeyris, örorkulifeyris eða makalifeyris) úr lífeyrissjóðnum, enda sé þeim skilt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 3.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfolk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kr. 22.00 – 09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 3.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 3.4 Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli verða viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvárdast af og iðgjaldið er metið eftir. Breyti sjóðsstjórn viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.
- 3.5 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagrciðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagrciðslu af viðmiðunarlaunum.
- 3.6 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilifeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalifeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

### 4. gr.

#### Örorkulifeyrir.

- 4.1 Hver sjóðfélagi sem vegna heilsibilunar verður ófær til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá bænum eða stofnun, sem tryggir starfsfolk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulifeyrí úr sjóðnum, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Örorkumat skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförmu.
- 4.2 Hámark örorkulifeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt gr. 2.3 að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunmin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.3 Sé örorka sjóðfélagsans á milli 10% og 50% er örorkulifeyrir hans sami hundraðshlutu af hámarksörorkulifeyrí eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulifeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meira, greiðist hámarksörorkulifeyrir að frádregnum örorkulifeyrí almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greidd eftirlaun samkvæmt ákvæðum 2. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulifeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

- 4.4 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar er til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 4.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra aðila.
- 4.6 Sjóðfélagar sem hefja töku örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 2.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 2.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.

## 5. gr.

### **Makalífeyrir.**

- 5.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum, áður en sjóðfélagi lést.
- 5.2 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af þeim launum þeim sem eru til viðmiðunar ellilífeyris sjóðfélagsans samkv. gr. 2.4 eða eftir atvikum gr. 2.8. Maki sjóðfélaga hefur sómu heimildir til breytinga á viðmiðun makalífeyris og sjóðfélaginn, sbr. gr. 2.8 Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 20% að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, allt að 32 árum. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en sjóðfélaginn öðlaðist rétt til eftirlauna, bætist við 0,5% af launum, en 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri. Hafi sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn, skal miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi með sama hætti og segir í gr. 2.6.
- 5.3 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 5.4 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.
- 5.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkjú eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

## 6. gr.

### **Um frestun á töku lífeyris.**

- 6.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá bænum lægra launuðu en því, er hann gegndi áður og skal þá reikna ellilífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

- 6.2 Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.
- 6.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við herra launað starf en lokastarf skv. gr. 6.1 eða 6.2 eða samkv. gr. 2.3 skal ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 2.4 frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu herra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

#### 7. gr.

#### Barnalífeyrir.

- 7.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingunum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.
- 7.2 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njótaelli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafn margir hundraðhlutar af fullum barnalífeyrir eins og örorkulífeyrir hans er margir hlutar af hámarksörorkulífeyrir.
- 7.3 Fósturbörn er sjóðsfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

#### 8. gr.

#### Úrgöngur úr sjóðnum.

- 8.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að launagreiðslur falla niður, enda hafi iðgjöld ekki verið endurgreidd á því tímabili, sbr. 9. gr.
- 8.2 Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins 12 mánuði eða lengur, fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt hann hverfi úr sjóðnum, en miðast við áunninn lífeyrirsrétt, þó með þeirri breytingu, að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættum 0,5% af launum syrir hvert starfsárá eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, sbr. 5.2.
- 8.3 Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

#### 9. gr.

#### Um flutning réttinda á milli sjóða.

- 9.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar eiga í öðrum lífeyrissjóðum, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur þar um. Slikir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu þeirra aðila sem nefndir eru í gr. 51.

- 9.2 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasmáningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasmáningum.
- 9.3 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt gr. 9.1. í annan lífeyrissjóð.

#### **10. gr.**

##### **Um greiðslur lífeyris.**

- 10.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega fyrir fram í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi.
- 10.2 Nú nær mánaðarleg greiðsla lífeyris ekki kr.3.077 á mánuði, og er þá heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu miðað við 410,7 fyrir mars 2013.

#### **11. gr.**

##### **Réttur þeirra, sem njóta lífeyris við gildistöku.**

Sjóðfélagar, sem njóta lífeyris við gildistöku samþykktar þessarar, skulu frá þeim tíma taka lífeyri samkvæmt ákvæðum hennar.

#### **12. gr.**

##### **Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins**

- 12.1. Norðurþing ábyrgist skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.

#### **12. gr.**

##### **Bráðabirgðaákvæði.**

Þeir, sem gerðust aðilar að sjóðnum með iðgjaldagreiðslum frá 1. janúar 1964 skulu njóta fullra elli-, örorku- og makalífeyrisréttinda eftir starfsaldri hjá Húsavíkurkaupstað og stofnunum hans. Skal Húsavíkurkaupstaður og stofnanir hans endurgreiða sjóðnum þann lífeyri, sem greiddur verður samkvæmt ákvörðun fyrstu málgreinar í þessari grein.

**Viðauki 5: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna  
Vestmannaeyjabæjar**

**1. gr.  
Iðgjöld sjóðsins.**

- 1.1 Óheimilt er að taka við nýjum sjóðfélögum frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 1.2 Rétt til greiðslu iðgjalda til sjóðsins eftir 1. júlí 1998 hafa núverandi sjóðfélagar sem eru starfsmenn Vestmannaeyjabæjar eða stofnana hans, nema af lögum eða kjarasamningum leiði að viðkomandi starfsmaður eigi aðild að öðrum lífeyrissjóði. Frá og með 1. janúar 1995 voru og verða ekki teknir nýir félagar í sjóðinn skv. þessum lið.
- 1.3 Verði starfsemi sem verið hefur á hendi Vestmannaeyjabæjar falin öðrum aðila og missi sjóðfélagar sem aðild hafa átt að sjóðnum rétt til greiðslu iðgjalda til sjóðsins eftir grein 1.2 skal sjóðsstjórn heimilt að semja við viðkomandi launagreiðanda um áframhaldandi aðild að sjóðnum fyrir þessa sjóðfélaga. Það er skilyrði fyrir aðild starfsmanna stofnunar eða fyrirtækis að sjóðnum samkvæmt þessari grein að aðildin hafi hlotið samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, og um hana hafi verið gerður samningur við sjóðstjórn. Í slíkum samningi skal m.a. kveðið á um hvernig háttað skuli uppgjöri greiðsluskuldbindingar samkvæmt 49. gr., bæði vegna þegar áfallinna lífeyrisréttinda starfsmanna vegna viðkomandi starfsemi svo og þeirra réttinda sem starfsmenn sem fá áframhaldandi aðild að sjóðnum eiga eftir að ávinna sér. Einnig skal kveðið á í samningnum hvernig skuli brugðist við ef hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki hættir aðild sinni vegna breytinga á rekstrarformi, loka starfsemi eða af öðrum orsökum, þannig að breytingin hafi ekki för með sér aukna ábyrgðarskuldbindingu Vestmannaeyjabæjar samkvæmt 47. gr.
- 1.4 Iðgjald er 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót.
- 1.5 Sjóðsfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðsfélaga. Gjalddagi iðgjalda til sjóðsins skal vera tíunda dag næsta mánaðar eftir iðgjaldagreiðslutímabil, eindagi greiðslunnar er 14 dag næsta mánaðar eftir iðgjaldagreiðslutímabil. Sjóðsfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 1.6 Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 8% af þeim föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót er sjóðfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtimis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 1.7 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.
- 1.8 Launþegi, sem er yngri en 16 ára, greiðir ekki iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð þeim aldri.
- 1.9 Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um starfsmenn sveitarfélaga og fyrirtækja.

**2. gr.**  
**Vaktavinna.**

- 2.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr lífeyrissjóðnum, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 2.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kl. 22.00 - 09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrirséttinda.
- 2.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 2.4 Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.
- 2.5 Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrirsétt fyri ára.
- 2.6 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrirséttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaununum.

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaununum.

**3. gr.**  
**Ellilífeyrir.**

- 3.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.
- 3.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri samkvæmt 1. málsgrein, bætist við 1% af launum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til ellilífeyris. Hafi iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga verið ákvarðaðar samkvæmt grein 1.9 skal lífeyrinn vera hundraðshluti af sömu viðmiðunarlaunum og stjórn sjóðsins ákvað að iðgjöld skyldu miðuð við.
- 3.3 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur hans og réttindatími er orðinn 95 ár, hann er orðinn 60 ára og hann lætur af störfum, á hann rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 3.4 Lífeyrirséttur hans skal vera 2% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrirséttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldaskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.
- 3.5 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skal miða lífeyri við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því a.m.k. í 10 ár. Ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum hefur gegnt í a.m.k. 10 ár.

- 3.6 Nú hefur sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn og skal þá miða lífeyri við meðalhundraðsluta af starfi, annars vegar þann tíma sem lífeyrir reiknast 2% á ári og hins vegar þann tíma sem hann reiknast 1% á ári. Láti sjóðfélagi, sem náð hefur 65 ára aldri, af starfi sínu að hluta er stjórn sjóðsins heimilt að úrskurða honum hlutfallslegan lífeyri. Lífeyrir vegna þess hluta starfsins, er hann heldur áfram, skal síðan úrskurðaður þegar hann lætur að fullu af starfi.
- 3.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða eftirlaunaþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfhæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 3.8 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum sbr. gr. 3.2 ákveðnar í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Visitala skal notuð með tveggja mánaða hliðrun við útreikning.
- 3.9 Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara geta þrátt fyrir ákvæði 3.8 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 3.5.
- Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.
- 3.10 Hefji sjóðsfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. ákvæði 3.8. Hafi hann látið af störfum fyrir 1. júlí 2006 skal þó miða við þau laun, sem því fylgdu 31. desember 2006, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- 3.11 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skylduttryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:
- Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
  - Áður en taka ellilífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur sjóðfélaga og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.

**4. gr.**  
**Örorkulífeyrir.**

- 4.1 Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyrir, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgiold til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þó skulu þeir sjóðfélagar, sem eru í launalausu leyfi með samþykki bæjarráðs, halda áunnum réttindum sínum að þessu leyti. Örorkumat skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanföru.
- 4.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 2. málsgri. 3. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.3 Sé örorka sjóðfélagsans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyrir og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er umfram 50%. Sé örorka metin 75% eða meira greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyrir almannatrygginga. Þegar öryrkja, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 3. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 4.4 Skilt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta sjóðnum í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 4.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyrir þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvítá frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

**5. gr.**  
**Makalífeyrir**

- 5.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum áður en sjóðfélagi lést.
- 5.2 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af þeim launum, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 20% að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, allt að 32 árum. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en sjóðfélaginn öðlast rétt til ellilífeyris, bætist við 0,5% af launum, en 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri. Hafi sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn, skal miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi með sama hætti og í gr. 3.6.
- 5.3 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

- 5.4 Réttur til lífeyris skv. þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.
- 5.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógíftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

**6. gr.  
Frestun á töku lífeyris.**

- 6.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka lífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá bænum eða stofnun hans, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi ádur, og skal þá reikna ellilífeyri eftir því starfinu sem hærra var laumað.
- 6.2 Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

**7. gr.  
Barnalífeyrir.**

- 7.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.
- 7.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.
- 7.3 Sama rétt öölást börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafn margir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.
- 7.4 Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

**8. gr.**  
**Greiðslu iðgjalta hætt. Niðurlagning stöðu.**

- 8.1 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hverfi úr sjóðnum, en miðast við áunninn lífeyrisrétt, þá með þeirri breytingu, að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættu 1/2% af launum fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, sbr. gr. 5.2.
- 8.2 Hafi staða eða starf sjóðfélaga verið lagt niður eftir 1. janúar 1995, á hann ekki rétt á áframhaldandi aðild að sjóðnum nema slíkt sé áskilið í lögum eða kjarasamningi. Öðlist sjóðfélagi rétt til áframhaldandi aðildar samkvæmt þessari grein skulu iðgjöld greidd af sömu launum og sjóðfélagi greiddi af við niðurlagningu stöðu. Viðmiðunin tekur síðan breytingum með visitölu meðallauna opinberra starfsmanna sbr. grein 3.8.

**9. gr.**  
**Flutningur réttinda og endurgreiðsla.**

- 9.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur þar um.
- 9.2 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasmáningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasmáningum.

**10. gr.**  
**Greiðsla lífeyris.**

- 10.1 Lifeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar að réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðsfélagi, sem hefur töku lifeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, hefur þó rétt á að fá lifeyri greiddan fyrirfram.
- 10.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki kr. 3.077 á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, þá er stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingarstærðfræðings. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða á visitölu neysluverðs miðað við 410,7 fyrir mars 2013.

**11. gr.**  
**Betri réttur varðveisitist.**

- 11.1 Sjóðfélagar, sem njóta lifeyris við gildistöku reglugerðar þessarar, skulu frá þeim tíma taka lifeyri samkvæmt ákvæðum hennar, nema þeir eigi meiri rétt samkvæmt eldri reglugerðum.

**12. gr.**  
**Starfstími stofnenda.**

- 12.1 Til starfstíma sjóðfélaga, er var meðal stofnenda sjóðsins, telst starfstími hans hjá Vestmannaeyjabæ og stofnunum hans áður en sjóðurinn var stofnaður.

**13. gr.**

**Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins**

- 13.1. Vestmannaeyjabær      ábyrgist      skuldbindingar      Lífeyrissjóðs      starfsmanna  
Vestmannaeyjabæjar.

## Viðauki 6: Réttindaákvæði úr samþykktum Eftirlaunajóðs Reykjanesbæjar

### **1. gr. Iðgjöld.**

- 1.1. Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum í iðgjöld til sjóðsins.
- 1.2. Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 8% af þeim föstum launum, er sjóðfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 1.3. Nú hækka föst laun sjóðfélaga, sem náð hefur 60 ára aldri, umfram það, sem um hefur samist milli launagreiðenda sjóðsins og hlutaðeigandi stéttarfélaga á undanfarandi 12 mánuðum, og getur sjóðstjórn þá ákveðið, að ekki skuli greidd iðgjöld af slíki umframhækkun launa og ekki verði tekið tillit til hennar við úrskurðun lífeyris. Slík ákvörðun sjóðstjórnar skal tekin eigi síðar en þremur mánuðum eftir að sjóðnum hefur borist tilkynning um launahækkunina og aldrei síðar en þremur mánuðum eftir lok þess almanaksárs, er hún kom til framkvæmda.
- 1.4. Þegar sjóðfélagi hefur öðlast rétt til 87% ellilífeyris, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.
- 1.5. Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins fyrr en eftir lok þess mánaðar, er hann nær 16 ára aldri.
- 1.6. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

### **2. gr. Ábyrgð Reykjanesbæjar á lífeyrisgreiðslum og áhættudreifing.**

- 2.1. Reykjanesbær ber ábyrgð á greiðslum lífeyris samkvæmt samþykktum þessum.

### **3. gr. Ellilífeyrir.**

- 3.1. Hver sjóðfélagi, sem á að baki a.m.k. 5 réttindaár, sbr. ákvæði 7. gr. og er orðinn fullra 65 ára, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum, enda láti hann þá af starfi sínu. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, sbr. þó ákvæði 3.3, 3.4 og 3.6. Hundraðshluti þessi er 2% af launum fyrir hvert réttindaár, en þó aldrei hærri en 87%. Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
- 3.2. Þegar sjóðfélagi hefur náð 60 ára aldri, samanlagður lífaldur hans og réttindatími er orðinn 95 ár og hann lætur af störfum, á hann rétt á ellilífeyri. Lífeyrisréttur sjóðfélaga, sem notfærir sér þessa reglu, skal vera 2% af launum fyrir hvert réttindaár.

- 3.3. Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. 10 réttindaár fyrr á sjóðfélagatíma sínum, skal miða lífeyri við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því a.m.k. 10 ár. Ella skal miða við það hærra launað starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum hefur gegnt í a.m.k. 10 ár.
- 3.4. Nú hefur sjóðfélagi öðlast rétt til að taka ellilífeyri, en frestar töku hans og tekur jafnframt við öðru starfi hjá aðila, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, sem hann gegndi áður, og skal þá miða lífeyri við laun í því starfi, sem hærra var launað. Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af starfi sínu, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af starfi sínu vegna heilsubrests.
- 3.5. Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi geta þrátt fyrir ákvæði 3.1 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytast til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkv. ákvæðum 3.3 og 3.4 eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæði 3.1. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst. Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri samkvæmt ákvæði þessu lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra sem haft hafa viðmiðun við það, uppfrá því fara eftir ákvæði 3.1.
- 3.6. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum, skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun, sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af störfum fyrir 31.desember 2006, skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 31.desember 2006, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- 3.7. Um ellilífeyrisrétt þeirra, sem ná ekki 5 ára réttindatíma í sjóðnum, fer eftir ákvæðum 9. gr.

#### 4. gr. Örorkulífeyrir.

- 4.1. Hver sjóðfélagi, sem á að baki a.m.k. 5 réttindaár, hefur greitt til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu 5 árin eftir orkutapið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, og aldrei skal samanlagður örorkulifeyrir og barnalífeyrir samkvæmt ákvæði 6.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

- 4.2. Þegar skilyrði ákvæðis 4.1 um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 3. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess réttindatíma, sem sjóðfélagi hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við árlegan meðalréttindatíma hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstaett vegna sjúkdómsforfalla, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðalréttindatíma fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði hafi hann síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fikniefna, skal sjóðfélagi ekki njóta framreikningsréttinda.
- 4.3. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó ákvæði 4.1.
- 4.4. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur sliks lífeyris, að láta sjóðnum í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 4.5. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvítá frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisrétt í öðrum lífeyrissjóði.
- 4.6. Ef metið hlutfall orkutaps sjóðfélaga breytist við endurmat þá breytist örorkulífeyrir samsvarandi og fellur niður ef orkutapið fer undir 40%. Sjóðnum er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri ef tekjur aukast þannig að skilyrðum ákvæðis 4.1 er ekki lengur fullnægt. Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur, og hefst þá taka ellilífeyris. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna réttinda skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, réttindatíma, sem við úrskurðun örorkulífeyris var reiknaður sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunninn réttindatíma vera meiri en svo, að heildarréttindatími á framreikningstímabilinu verði lengri en það tímabil sjálft.
- 4.7. Um örorkulífeyri þeirra, sem ekki uppfylla skilyrði ákvæðis 4.1 um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma, fer eftir ákvæðum 9. gr.

**5. gr.**  
**Makalífeyrir.**

- 5.1. Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda sé ekki um fleiri rétthafa að ræða sbr. ákvæði 5.5 og 5.6 og sjóðfélaginn hafi við andlátíð notið elli- eða örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum 3. - 4. gr. eða átt að baki a.m.k. 5 ára réttindatíma og greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Eftirlifandi maki samkvæmt þessari málsgrein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans.
- 5.2. Þegar skilyrði ákvæðis 5.1 um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, er upphæð makalífeyris 60% af ellilífeyri, þar sem auk áunnins réttindatíma skal reikna réttindatíma fram til 65 ára aldurs í samræmi við ákvæði 4.2. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum 4. gr., skal reikna réttindatíma frá þeim tíma, er örorkulífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði 4.6, en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við þann árlega réttindatíma, sem úrskurður um örorkulífeyri miðaðist við. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka rétt til lífeyris úr öðrum lifeyrissjóði, skal hann því aðeins njóta framrekningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 5.3. Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lifeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 5.4. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lifeyri, ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lifeyri í 24 mánuði, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meiri.
- 5.5. Hafi sjóðfélagi, sem lætur eftir sig maka, sbr. ákvæði 5.1, ellegar sambýlismann eða sambýliskonu, sem úrskurðaður er réttur til lifeyris samkvæmt ákvæði 5.4, áður verið í hjúskap eða sambúð með öðrum á þeim tíma, er hann ávann sér réttindi og/eða naut lifeyris úr sjóðnum, skal makalífeyri skipt milli aðila í hlutfalli við hjúskapar og sambúðartíma á nefndu tímabili, reiknaðan í mánuðum sem hér segir:
  - a. Eftirlifandi maka samkvæmt ákvæði 5.1 skal reiknaður hjúskapartími að viðbættum sambúðartíma fyrir hjúskap.
  - b. Eftirlifandi sambýlismanni eða sambýliskonu skal reiknaðar sambúðar- tími samkvæmt ákvæði 5.4.
  - c. Fyrrverandi maka, sem hvorki er í hjúskap né sambúð á dánardegi sjóðfélaga, skal reiknaður hjúskapartími að viðbættum sambúðartíma fyrir hjúskap.

- d. Fyrrverandi sambýlismanni eða sambýliskonu sem hvorki er í hjúskap né sambúð á dánardegi sjóðfélaga, skal reiknaður sambúðartími samkvæmt ákvæði 5.4.
- 5.6. Láti sjóðfélagi hvorki eftir sig maka skv. ákvæði 5.1 né sambýlismann eða sambýliskonu samkvæmt ákvæði 5.4, skal lífeyrir þeirra aðila, sem nefndir eru í c- og d-lið ákvæðis 5.5, reiknast í hlutfalli við hjúskapar- og sambúðartíma af þeim tíma, sem hinn látni sjóðfélagi ávann sér réttindi í sjóðnum.
- 5.7. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónbandi slitið án réttar til lífeyris. Sama reglan gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið. Hlutfall lífeyris, sem úrskurðað hefur verið samkvæmt ákvæðum 5.5 eða 5.6 breytist ekki við fráfall eða breytta hjúskaparstöðu annarra rétthafa.
- 5.8. Uppfylli sjóðfélagi ekki skilyrði ákvæðis 5.1 um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma, fer um makalífeyri eftir ákvæðum 9. gr.

**6. gr.  
Barnalífeyrir.**

- 6.1. Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá lífeyrir úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti.
- 6.2. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjöði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.
- 6.3. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njótaelli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 3. eða 4. gr., þó svo, að barnalífeyrir til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.
- 6.4. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

**7. gr.  
Réttindatími.**

- 7.1. Réttindatími sjóðfélaga er sá samanlagði tími, sem veitir rétt til greiðslna úr sjóðnum miðað við fullt starf. Réttindatíminn þarf ekki að vera áunninn í samfelldu starfi, en myndast sem:

- a. Sá tími, er sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins er svarar fullu starfi.
  - b. Sá tími, er sjóðstjórn úrskurðar sjóðfélaga vegna flutnings réttinda frá öðrum lífeyrissjóðum.
- 7.2. Réttindatími reiknast í árum með tveimur aukastöfum. Réttindatíma hvers sjóðfélaga skal reikna út árlega.

**8. gr.  
Iðgjaldagreiðslur falla niður.**

- Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi af öðrum ástæðum en eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að launagreiðslur falla niður. Að 6 mánaða tímabili loknu fellur niður réttur til framreiknings réttinda samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr., svo og réttur til barnalífeyris.
- Eigi sjóðfélagi að baki a.m.k. 5 réttindaár, sbr. ákvæði 7. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt hann hverfi úr sjóðnum, en miðast eingöngu við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt ákvæðum 3. - 5. gr. Sé réttindatími skemmri en 5 ár, fer um réttindi eftir ákvæðum 9. gr.
- Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda hjá sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

**9. gr.  
Réttindi samkvæmt samþykktum SAL.**

- Um lífeyrisréttindi eftirtalinna skulu gilda bótaákvæði samræmdra samþykkta Sambands almennra lífeyrissjóða frá 1997. Bótaákvæði reglugerðar SAL fylgja réttindaviðauka þessum sem viðauki og skoðast sem hluti hans.
  - a. Umsækjenda um elli- eða örorkulífeyri, sem ekki uppfylla skilyrði ákvæða 3. eða 4. gr. um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma.
  - b. Umsækjenda um makalífeyri eftir sjóðfélaga, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði ákvæðis 5. gr. um réttinda- og iðgjaldagreiðslutíma.
  - c. Umsækjenda, sem ekki teljast lengur sjóðfélagar, sbr. ákvæði 8.1, og eiga að baki skemmri réttindatíma en 5 ár, svo og umsækjenda um makalífeyri eftir slika fyrrverandi sjóðfélaga.

**10. gr.**  
**Um greiðslu lífeyris.**

- 10.1. Lifeyrir greiðist mánaðarlega fyrirfram. Stjórn sjóðsins getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu lífeyris, að lögð séu fram öll nauðsynleg gögn til að sanna greiðsluskyldu sjóðsins (fæðingarvottorð, dánarvottorð, giftingarvottorð, lifsvottorð o.s.frv.).
- 10.2. Aldrei skal sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 10.3. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. tveggja stiga réttinda samkvæmt 9. gr., og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingarfræðings.

**11. gr.**  
**Eldri réttindi.**

- 11.1. Sjóðfélagar, sem njóta lífeyris við gildistöku samþykkta þessara á grundvelli samþykkta sem giltu frá 1.apríl 1968 til 15.desember 1997 skulu áfram taka lífeyri samkvæmt þeim samþykktum. Þann 15. desember 1997 fellur þó niður sú takmörkun á verðtryggingu lífeyris, sem kveðið er á um í 14.gr. þeirrar samþykkta.
- 11.2. Reikna skal réttindatíma þeirra, sem eiga inni iðgjöld í sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara en hafa ekki fyrir þann tíma hafið töku lífeyris, í samræmi við ákvæði 7.gr. Enn fremur skal reikna þeim, sem réttindi eiga samkvæmt 23.gr. samþykkta sem giltu frá 1.apríl 1968 til 15.desember 1997 vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, réttindatíma með hliðsjón af ákvæðum 2. - 4. mgr. þeirrar greinar.
- 11.3. Sjóðfélagi, sem lokið hefur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins samkvæmt 7. gr. samþykkta sem giltu frá 1. apríl 1968 til 15. desember 1997 og er orðinn fullra 65 ára að aldri fyrir gildistöku samþykkta þessara, skal ekki greiða iðgjöld samkvæmt 1. gr. Þeir, sem uppfylla þau skilyrði að hafa greitt iðgjöld í a.m.k. 26 ár og allt að 30 árum og orðnir eru 61 árs við gildistöku samþykkta sem staðfestar voru 15.desember 1997, skulu eigi greiða iðgjöld lengur en hér segir:

Liðinn iðgjaldagreiðslutími	Aldur við gildistöku	Hámark iðgjaldagreiðslutíma
29 ár	64 ár	31 ár
28 ár	63 ár	33 ár
27 ár	62 ár	36 ár
26 ár	61 ár	40 ár

- 11.4. Reikna skal hundraðshluta ellí- og örorkulífeyris þeirra sjóðfélaga, er málsgrein þessi tekur til, í samræmi við 30 ára iðgjaldagreiðslutíma og bótaákvæði eldri samþykkta, ef sú regla veitir meiri rétt.

- 11.5. Nú á sjóðfélagi vegna samþykkta bæjarstjórnar Keflavíkur, sem falla undir 5. mgr. 23.gr. samþykkta sem giltu frá 1.apríl 1968 til 15.desember 1997, betri lífeyrisrétt en þann, sem hér er kveðið á um, og heldur hann þá þeim rétti.
- 11.6. Lífeyrir, sem greiddur kann að verða vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, skal endurgreiddur úr bæjarsjóði eða af þeirri bæjarstofnun eða sjálfseignarstofnun, sem í hlut á.

## **Viðauki við réttindaákvæði úr samþykktum Eftirlaunaszjóðs Reykjanesbæjar.**

Bótaákvæði samræmdirar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá janúar 1997, sbr. 9.gr.

### **12. Grundvöllur lífeyrisréttinda.**

12.1. Samanlöög iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.

12.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084,- og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á visitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að domi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.

12.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 12.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

12.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

12.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

12.6. Verði iðgjöld ekki umreknuð í stig, sbr. 12.4., skal óska eftir leiðréttingu iðgjaldaskila frá launagreiðanda.

### **13. Ellilífeyrir.**

13.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

13.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlöögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.

13.3. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

13.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

### **14. Örorkulífeyrir.**

14.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 14.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

14.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 16. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

14.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og áltí trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

14.2.1. Heimilt er, að fengnu áltí trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem baett gæti heilsufar hans.

14.3. Þegar skilyrði 14.1. og þessa töluliðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lifeyrisrétt samkvæmt 13. gr. að viðbættum lifeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 14.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:

- a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
- b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fikniefna.

14.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyrí úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.

14.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 14.3, er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvist, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

14.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 14.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

14.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

14.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

14.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fikniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

14.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 14.4.1. eða 14.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

14.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

14.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 14.1.

14.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 14.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.

14.7. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

14.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

14.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auch áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

## 15. Makalífeyrir.

15.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt a lífeyri úr sjóðnum.

15.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélags, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

15.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

15.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 15.1., 15.2., 15.3. eða 17.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

15.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 15.1. - 15.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

15.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 15.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunnninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 14.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 14.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyrir. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 15.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 17.3.

15.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## 16. Barnalífeyrir.

16.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélags börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

16.2. Fullur barnalífþyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 12.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áæthluð í samræmi við 15.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áæthluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

16.3. Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði 14.3.a. og 14.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látns sjóðfélaga njóta samkvæmt 16.2 með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 14. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

16.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyrir. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

## 16.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

### 17. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

17.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

17.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleyst af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd.

17.3. Réttur til elli-, örorku- og makalifeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 17.1. og 17.2.

18. Tilhögun lifeyrisgreiðslna.

18.1. Lifeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lifeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lifeyris fellur úr gildi.

18.2. Nú nær lifeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

## Viðauki 7: Reiknireglur vegna B-deilda

### Reiknireglur vegna greina 34.3 til og með 34.8

Ákveða skal endurgreiðsluhlutfall e þannig að  $RE + I = SA*(1-e) + SF(1-e)$

Hér er SA og SF áfallnar og framtíðar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri athugun í lok útreikningsárs og I verðmæti framtíðariðgjalda, einnig sótt í tryggingafræðilega athugun sjóðsins.

RE er reiknuð eign, það er eign eins og hún myndi vera ef náðst hefði ávöxtun samkvæmt reikniforsendum sem miðað er við í tryggingafræðilegum athugunum og endurgreiðsluhlutfallið e hefði verið í gildi allan starfstíma sjóðsins.

$$RE = ((I1-L1*(1-e)-K1)*(vn/vm1)*(1,035)**(n-0,5) + .. + (In-Ln*(1-e) - Kn)*(vn/vmn)*(1,035)**0,5$$

Hér er Ij, Lj og Kj iðgjöld, lífeyrisgreiðslur og rekstrarkostnaður á starfsári j, og vj og vmj vísitala í lok starfsárs og meðalvísitala (neysluverðs) Ij, Lj og Kj fengin úr ársreikningum sjóðsins.

### Reiknireglur vegna greinar 35

EB(k) er eign B-deilda samkvæmt ársreikningi í lok almanaksárs k, og EB(k,j) reiknuð eign réttindasafns j í lok árs k, fyrir j=1 til n, þar sem n er fjöldi réttindasafna í deildinni (6 árið 2013).

Reiknuð er nettóávöxtun deildarinnar árið k sem  $i(k) = 2*I(k)/(EB(k)+EB(k-1)-I(k))$  þar sem I(k) eru fjármagnstekjur að frádegnum fjármagnsgjöldum.

$$EB(k,j) = [(EB(k-1,j)+P(k,j)+LH(k,j)+U(k,j)-L(k,j)-K(k,j)+i*EB(k-1,j)]/(1-i(k))$$

P(k,j) er iðgjöld réttindasafns á árinu

L(k,j) er lífeyrisgreiðslur réttindasafns á árinu

LH(k,j) eru greiðslur á hluta lífeyris vegna réttindasafns á árinu

U(k,j) eru uppgjör samkvæmt 49. grein

K(k,j) er hluti réttindasafns af rekstrarkostnaði deildarinnar skv. 48.grein

Skiptihlutfall réttindasafns j reiknast svo:  $s(j)=EB(j)/(EB(1)+..+EB(n))$  og eignarhluti réttindasafnsins ef E(k) eru eignir B-deilda í lok árs k  $s(j)*E(k)$